

Af hverju hafa Íslendingar ekki tekið upp aðlægt belti skv. 33. gr. Hafréttasáttmála Sameinuðu Þjóðanna?

Davíð Þorsteinsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til B.A. prófgráðu í lögfræði

Lagadeild

Maí 2015

Af hverju hafa Íslendingar ekki tekið upp aðlægt belti skv. 33. gr. Hafréttasáttmála Sameinuðu Þjóðanna?

Davíð Þorsteinsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til 180 eininga B.A. prófs við Hug og félagsvísindasvið.

Leiðbeinandi: Margrét Heinreksdóttir

Lagadeild

Maí 2015

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis
og að það er afrakstur eigin rannsókna.

Davíð Þorsteinsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi
kröfum til B.A. prófs við Hug- og félagsvísindasvið.

Margrét Heinreksdóttir

Útdráttur

Hugmyndin um aðlægt belti er talin eiga rætur sínar að rekja til lagasetningar Bretá á 18. öld. Á hafréttarráðstefnu Þjóðabandalagsins í Haag árið 1930 komu fram skoðanir um nauðsyn þess að strandríki gæti tekið sér „viðbótarbelti“ utan við landhelgi þess þar sem ríkinu væri heimilud takmörkuð lögsaga, meðal annars á sviði löggæslu og sóttvarna.

Sameinuðu Þjóðirnar héldu þrjár alþjóðlegar ráðstefnur um hafréttarmál, þá fyrstu í Genf í Sviss árið 1958 þar sem 4 sáttmálar voru samþykktir. Þar kemur fram í fyrsta skiptið ákvæði um aðlægt belti. Önnur ráðstefna var haldin 2 árum síðar en engin niðurstaða fékkst á fundum hennar og enginn sáttmáli var gerður. Þriðja hafréttarráðstefna S. Þ. stóð yfir í 9 ár; frá 1973 til 1982 og var útkoman gríðarstór sáttmáli sem samþykktur var með yfirburðum. Í sáttmálanum voru gerðar örliðlar breytingar á ákvæðinu um aðlægt belti. Á meðan þriðja ráðstefnan var ennþá að störfum settu Íslendingar lög nr. 41/1979. Markmið þeirra var að draga saman í einn lagabákk öll meginákvæði um landhelgi og lögsögu með hliðsjón af þeirri þróun sem hafði átt sér stað á sviði þjóðarréttar á undanförunum árum. Með setningu laganna var talað um að með þeim væru markmið Landgrunnslaganna frá 1948, uppfyllt „í einu og öllu“ og síðar við fullgildingu Hafréttarsáttmálans árið 1985 var „lokasigur“ Íslendinga í hafréttarmálum í höfn.

Í þessari ritgerð verður leitað að athugasemdum og afstöðu Íslendinga gagnvart aðlægu belti á hafréttarráðstefnum Sameinuðu Þjóðanna, við lagasetningu laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn árið 1979, við fullgildingu Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna árið 1985 og við framlagningu frumvarps til upptöku aðlægs beltis í íslenska löggjöf árið 2014 sem Alþingi hafði ekki enn afgreitt sem lög þegar ritgerð þessari var lokið .

Abstract

The concept of the contiguous zone is believed to have originated in a British legislation in the 18th century. At the League of Nations conference on the Law of the Sea in 1930 observations were made about the necessity for coastal States to adopt "additional zone" outside the territorial waters in which the State would be allowed limited jurisdiction, including policing and sanitary-laws.

The United Nations convened three international conferences on the Law of the Sea, the first one in Geneva, Switzerland in 1958, where four treaties were concluded. In one of those treaties, there appears for the first time an article concerning the contiguous zone. The second UN conference on the Law of the Sea was held in Geneva two years later, in 1960. It did not produce any treaty. The third UN Conference lasted for nine years, from 1973 to 1982. The result was a huge treaty, which was accepted almost unanimously. In that treaty some minor adjustments were made to the article on the contiguous zone. While the third conference was still at work, Iceland passed law no. 41/1979 in order to summarize in one body of law, all the provisions regarding territorial jurisdiction, taking into considerations the developments that had taken place in the field of International law in recent years. With the enactment of this law the goals of the Continental Shelf Act from 1948 were fulfilled and later, with the ratification of the United Nations Law of the Sea treaty in 1985, the "final victory" in the Icelandic battle regarding the Law of the Sea was secured.

This essay will try to seek Iceland's comments and position towards the contiguous zone during the United Nations Conferences as well as during the processes of the legislative Act in 1979, the ratification of the Law of the Sea of the United Nations in 1985 and the presentation in 2014 of a new bill providing for the adoption of a contiguous zone, introduced but – at the time of writing this paper - not passed as a law by the Icelandic parliament Althingi.

Efnisyfirlit

1.0 Inngangur	1
2.0 Þjóðaréttur	3
2.1 Réttarheimildir þjóðaréttar	3
2.1.1 Staða þjóðaréttarins í landsrétti Íslands.....	3
2.2 Hafréttur.....	4
2.2.1 Réttarheimildir hafréttar	4
a) Sáttmálar	4
b) Venjuréttur	6
c) Meginreglur laga.....	6
d) Dómsúrlausnir Alþjóðadómstólsins og skrif fræðimanna	7
2.3 Þróun alþjóðlegs hafréttar á 20. öld.....	7
3.0 Aðlægt belti	8
3.1 Tillögur Alþjóðalaganefndar Sameinuðu Þjóðanna um viðbótarbelti	10
3.2 Fyrsta hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna	11
3.2.1 Umræður um aðlæga beltið á ráðstefnunni.....	12
3.2.2 Afstaða Íslendinga á ráðstefnunni.....	14
3.3 Önnur hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna	16
3.3.1 Afstaða Íslendinga á ráðstefnunni.....	16
3.4 Þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna	18
3.4.1. Umræður um aðlægt belti á ráðstefnunni	19
3.4.2 Afstaða Íslendinga á ráðstefnunni.....	22
3.5 Gagnrýni á lagalega stöðu aðlægs beltis	22
4.0 Lög nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn	24
4.1 Frumvarp til laga.....	24
4.1.1 Athugasemdir með frumvarpi	24
4.1.2 Umræður á alþingi.....	25
5.0 Fullgilding Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna	26
6.0 Frumvarp á Alþingi um upptöku aðlægs beltis.....	27
6.1 Greinagerð með frumvarpi.....	27
6.2 Umræður á alþingi.....	27
7.0 Samantekt og lokaorð	28
Heimildaskrá.....	31

1.0 Inngangur

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara spurningunni: Af hverju hafa Íslendingar ekki tekið upp „aðlægt belti“ skv. 33. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna?

Áhugi höfundar á hafrétti kviknaði í Þjóðréttaráfanga á fyrstu önn í lögfræði við Háskólann á Akureyri. Fyrsta lögfræðibókin sem höfundur keypti utan námsskrár var *Hafréttur* eftir Gunnar G. Schram. Í bókinni er fjallað um aðlægt belti í 3. kafla og í umfjöllun um hafsvæðið segir Gunnar að Íslendingar hafi ekki tekið upp aðlægt belti og fest í lög þar sem Genfarsáttmálinn um landhelgi og aðlægt belti hafi ekki verið fullgiltur á Íslandi. Rétt er að taka fram að áður hafði Gunnar skrifað að þegar ákvæðið um aðlæga beltið var tekið upp í Hafréttarsáttmálann frá 1982 hafi það verið viðurkenning á þjóðréttarvenju. Íslendingar hefðu því, ef ástæða hefði þótt til, getað tekið sér tilteknar valdheimildir á aðlægu belti á grundvelli venjuréttar þegar við setningu laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Síðan höfundur ákvað að skrifa um viðfangsefnið í lok vorannar 2014 hefur verið lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögum nr. 41/1979, þar sem lagt er til að taka upp aðlægt belti í íslenska löggjöf og er það í fyrsta skiptið sem lögunum er breytt. Að mati höfundar eru engin svör að finna í frumvarpinu við spurninguni sem ritgerð þessari er ætlað að svara og varð það frekari hvatning til þess að halda áfram að leita svara við henni.

Til að leitast við að svara rannsóknarspurningunni voru skjöl hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna skoðuð, m.a. leitað að athugasemdum og afstöðu íslensku sendinefndanna á fundum ráðstefnanna. Einnig skoðaði höfundur umræður á Alþingi, bæði í aðdraganda lagasetningar um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979, við fullgildingu Hafréttarsáttmálans árið 1985 og þegar frumvarp til breytinga á lögum nr. 41/1979 var lagt fram haustið 2014.

Í upphafi ritgerðarinnar eru fræðin kynnt; þjóðaréttur og sérsvið hans, hafréttur. Í fyrsta hluta hennar er greint frá stöðu þjóðaréttarins gagnvart landsrétti Íslendinga, réttarheimildir kynntar og að lokum stiklað á stóru í þróun hafréttar á 20.öld. Annar hluti hefst á sögulegri kynningu á svokölluðu „aðlægu belti“. Tillaga Alþjóðalaganefndar Sameinuðu Þjóðanna um aðlægt belti er kynnt sem og athugasemdir við hana. Hafréttarráðstefnur Sameinuðu Þjóðanna voru þrjár og skoðaði höfundur frumheimildir á heimasíðu samtakanna um þær allar, greint er frá umræðum og tillögum um aðlægt belti og áhersla lögð á íslenskar tillögur og athugasemdir. Í lok annars hluta greinir höfundur frá gagnrýni á lagalega stöðu aðlæga beltisins. Í þriðja hluta verða umfjallanir á Alþingi í aðdraganda lagasetninga og fullgildingar kannaðar nánar.

Þær heimildir sem höfundur hefur notað við skrif þessarar ritgerðar eru alþjóðasáttmálar, innlend lög, frumvörp til núverandi og verðandi laga, opinberar skýrslur af ráðstefnum,

niðurstöður þeirra og Allsherjarþings Sameinuðu Þjóðanna, dómar Alþjóðadómstólsins í Haag og aðrar frumheimildir á sviði þjóðaréttar.

Að lokum vill höfundur koma á framfæri þökkum til starfsfólks Háskólans á Akureyri, kennara og bókasafnsfræðinga og sérstakar þakkir fá leiðbeinandi höfundar, fjölskylda og vinir fyrir aðstoð og stuðning.

Davíð Þorsteinsson

2.0 Þjóðaréttur

Hugtakið þjóðaréttur vísar til þeirra reglna og viðmiða sem gilda í samskiptum ríkja, stofnana sem njóta viðurkenningar sem aðilar þjóðaréttarins (t.d. alþjóðasamtök) og í ákveðnum tilfellum í samskiptum milli einstaklinga. Þegar ríki hafa sammælt um reglur ber þeim að fara eftir þeim og óheimilt er að breyta þeim einhliða.¹

2.1 Réttarheimildir þjóðaréttar

Í 38. gr. stofnsamþykktar Alþjóðadómstólsins í Haag er tilgreindur listi yfir þær réttarheimildir sem dómstóllinn notar við lausnir ágreiningsmála á sviði þjóðaréttar.²

Þær eru: alþjóðasaminngar skv. a-lið, alþjóðlegur venjuréttur skv. b-lið, almennar meginreglur laga sem njóta viðurkenningar meðal svokallaðra „siðaðra“ ríkja skv. c-lið og síðasti liður 38. greinarinnar, d-liður, heimilar dómstólnum að nota fyrri niðurstöður hans sjálfs og kennsluefni virtra fræðimanna til hliðsjónar við ákvörðun á réttarreglu.³

Ekki hefur verið talið að uppröðunin í greininni vísi til einhverskonar stigveldis milli réttarheimildanna, hinsvegar hefur hún verið talin vísa til þeirrar raðar sem dómstóllinn skoðar réttarheimildirnar í störfum sínum við lausn deilumála.⁴

Þar sem þessari ritgerð er ekki ætlað að kafa djúpt í réttarheimildir þjóðaréttarins í heild, heldur afmarkast við hafrétt, mun höfundur gera frekari grein fyrir réttarheimildum undir hafréttarhluta hennar.

2.1.1 Staða þjóðaréttarins í landsrétti Íslands

Hefðbundið viðhorf norrænna þjóða til stöðu þjóðaréttar gagnvart landsrétti er á þann veg að þjóðarétturinn sé sjálfstætt lagakerfi sem standi utan við landsrétt. Hefur þessi nálgun verið kölluð tvíeðliskenningin. Meginregla tvíeðliskenningarinnar miðar við, að þjóðaréttarreglur gildi ekki að landsrétti nema sérstök lagasetning hafi farið fram þar um og er það undir löggjafa hvers ríkis komið að ákveða með hvaða hætti og að hvaða marki þjóðaréttarreglur skuli innleiddar í landslög. Er þá sagt að verið sé að „taka upp“ ákvæði þjóðaréttasáttmála, hann „innleiddur“ eða „felldur“ í landsrétt.⁵ Það eru viðurkennd sjónarmið við lögskýringar í íslensku réttarfari að

¹ Rebecca M.M. Wallace og Olga Martin-Ortega, *International law* (6. útg., Sweet & Maxwell 2009) 2-4.

² Statute of the International Court of Justice, 26 júní, 1945, 33 UNTS 993, 38.gr.

³ Sama heimild.

⁴ Rebecca M.M. Wallace og Olga Martin-Ortega, *International law* (6. útg., Sweet & Maxwell 2009) 8.

⁵ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar: Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga* (JPV útgáfa, 2008) 251 – 255.

ákvæði landsréttar skuli skýrð til samræmis við reglur þjóðaréttar, leiði rök ekki til annarrar niðurstöðu. Hefur þetta ítrekað verið staðfest í dómum Hæstaréttar.⁶

2.2 Hafréttur

Hafréttur er ein grein þjóðaréttar og varðar réttarskipan á hafinu, segir til um þau réttindi sem ríki heims njóta þar svo og hvaða skyldur fylgja þessum réttindum. Meginréttarheimildir á sviði hafréttar eru venjur og ýmsir sáttmálar, þar sem víða er byggt á venjum.⁷

2.2.1 Réttarheimildir hafréttar

Í upphafi ber að leggja áherslu á, að hafréttur er órjúfanlegur hluti þjóðaréttar og eru því réttarheimildir hafréttarins þær sömu og almennt er talað um í þjóðarétti, það er að segja þær sem tilgreindar eru í 38. gr. stofnsamþykktar Alþjóðadómstólsins.⁸

a) Sáttmálar

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 38. greinar getur dómstóllinn beitt reglum sáttmála, ef atvik máls eiga undir hann, í deilu milli ríkja sem aðild að sáttmálum eiga.⁹ A-liður 38. gr. segir ekki sáttmáli (e. treaty) með berum orðum, heldur er talað um samninga (e. conventions) með viðurkenndum reglum sem settar eru af hlutaðeigandi ríkjum.¹⁰

Greint er á milli tvíhliða og marghliða sáttmála. Tvíhliða sáttmáli hefur gildi milli tveggja þjóða en marghliða sáttmáli milli margra þjóða og jafnvel stofnana þjóðaréttarins. Marghliða sáttmálar miða oft að ákveðnu markmiði; fjalla til dæmis um mengunarvarnir eða mannréttindi.¹¹

Það er þekkt aðferðafræði í þjóðarétti að greina á milli réttarskapandi og réttarskipandi sáttmála. Slík aðgreining er að mestu fræðilegs eðlis og takmarkatilvik ekki útilokuð. Réttarskapandi sáttmálar einkennast af almennum efnisreglum í þjóðarétti, málsmeðferðareglum og eftir atvikum heimildum til stofnsetningar alþjóðastofnana á tilteknum sviðum. Í slíkum tilfellum er um að ræða marghliða sáttmála, milli ríkja og þjóðréttaðila, sem

⁶ Í máli Hrd. 103/1994 (1995, 1444) segir Hæstiréttur í niðurstöðu sinni: Hæstiréttur Íslands hafði þegar fyrir gildistöku laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu kveðið á um það í dómum sínum að skýra bæri íslensk lög, þar á meðal stjórnarskrána, á þann veg, sem væri í bestu samræmi við sáttmálann, sbr. t.d. H. 1990, 2, H. 1990, 92, H. 1992, 174, H. 1992, 401.

⁷ Gunnar G. Schram, *Hafréttur* (Háskólaútgáfan 2001) 14 - 15.

⁸ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 8.

⁹ 1. mgr. 38. gr. Stofnsáttmála Alþjóðadómstólsins segir:

The Court, whose function is to decide in accordance with international law such disputes as are submitted to it, shall apply:

¹⁰ A-liður 38. gr. Stofnsáttmála Alþjóðadómstólsins í Haag segir:

international conventions, whether general or particular, establishing rules expressly recognized by the contesting states.

¹¹ Klabbers, Jan, *International Law* (1. útg., Cambridge University Press 2013) 25.

verða til á alþjóðaráðstefnum eða öðrum vettvangi sem skipulagður er af alþjóðastofnun.¹² Dæmi um slíka sáttmála eru Stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna¹³ og Hafréttarsáttmáli Sameinuðu Þjóðanna.¹⁴

Réttarskipandi sáttmálar eru oftast en ekki tvíhliða sáttmálar sem hafa aðeins gildi milli þeirra ríkja sem aðild að þeim eiga en skapa ekki almenn lög um efni samningsins.¹⁵ Sem dæmi má nefna samning Íslendinga og Norðmanna um veiðar úr norsk – íslenska síldarstofninum í íslenskri og norskri lögsögu.¹⁶

Á alþjóðavettvangi hafréttar eru fjölmargir alþjóðasáttmálar og er Hafréttarsáttmáli Sameinuðu Þjóðanna þeirra viðamestur.

Almennar fræðilegar umræður um alþjóðasáttmála eru tvíþættar; annarsvegar um tengsl sáttmála og venjuréttar og hinsvegar um venslatengsl sáttmála.¹⁷

Hvað fyrra umræðuefnið varðar ber að nefna það í upphafi að sáttmálar hafa þrennskonar áhrif á venjurétt. Í fyrsta lagi getur sáttmáli innihaldið ákvæði sem talin eru til venjuréttar og er þá talað um viðurkenningaráhrif.¹⁸ Í öðru lagi getur verið að reglur venjuréttar, sem nýlega hafa verið mótaðar, hafi verið teknar upp í sáttmála og er þá talað um styrkingaráhrif.¹⁹ Þriðju áhrifin eru á þann veg, að ákvæði í sáttmála getur leitt af sér nýja þjóðréttarvenju. Hún verður til ef og þegar ríki, sem ekki hafa fullgilt eða skrifað undir tiltekinn sáttmála, nota í lögskiptum sínum við önnur ríki sambærilega reglu þeirri sem í þeim sáttmála er. Slík framkvæmd getur leitt til þróunar á nýrri venju og hafa fræðimenn²⁰ kallað það afleiðsluáhrif.²¹

¹² Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Codex 2011) 44.

¹³ Charter of the United Nations 1945, 1 UNTS XVI.

¹⁴ United Nations Convention on the Law of the Sea 1982, 1833 UNTS 396.

¹⁵ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Codex 2011) 44.

¹⁶ Alþt. 2013-2014, A-deild, þskj. 1082, 566. mál. Þingsályktun um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk - íslenska síldarstofninum á árinu 2014.

¹⁷ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 12.

¹⁸ Þýð. höf. (e.declaratory effect). Í formála samningsins um úthöfin frá 1958 er vísað sérstaklega til þessara áhrifa, þ.e.a.s skrásetningar þjóðréttarvenja hafréttar í samning. Sjá nánar; Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 12-13.

¹⁹ Þýð. höf. (e. Crystallising effect). Sjá nánar: Alþjóðadómstóllinn í Haag: „North Sea Continental Shelf, Judgement, I.C.J. Reports 1969 3, mgr. 61.: "the process of the definition and consolidation of the emerging customary law took place through the work of the International Law Commission, the reaction of governments to that work and the proceedings of the Geneva Conference"; and this emerging customary law became "crystallized in the adoption of the Continental Shelf Convention by the Conference."

²⁰ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 13.

²¹ Þýð. höf.(e. Generating effect). Dæmi um þetta er framkvæmd Bandaríkjanna í kjölfar Hafréttaráðstefnunnar 1982, þar sem þeir samþykktu ekki Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna, en tóku sér ári síðar 200 mílna efnahagslögsögu en það er heimilt skv. þjóðréttarreglum. Sjá; PROCLAMATION 5030 (MAR. 10, 1983) 2. mgr.

Síðara umræðuefnið er um venslatengsl sáttmála, en fjöldi þeirra er svo mikill að vísan í tengsl þeirra á milli er talin nauðsynleg. Dæmi um þetta eru hinar ítrekuðu tilvísanir Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna í „almennt viðurkennda staðla eða mælikvarða“²² en þeir eru útlistaðir nánar í sérstökum sáttmálum sem varða málefni hafsins og á að túlka greinar Hafréttarsáttmálans í samræmi við þá.²³

b) Venjuréttur

Alþjóðlegum venjurétti er almennt skipt í tvo flokka, almennan og svæðisbundinn venjurétt.²⁴

Í þjóðarétti binda sáttmálar þær þjóðir sem aðild að þeim eiga en það er líka viðurkennt að venjuréttur bindi alþjóðasamfélagið, sbr. b-lið 38. gr. stofnsamþykktar Alþjóðadómstólsins. Af þessu leiðir til dæmis, að þau ríki sem hafa fengið sjálfstæði frá fyrrum nýlenduherrum sínum, lúta reglum venjuréttarins enda þótt þau hafi sjálf ekki átt þátt í mótun þeirra.²⁵

Sérstökum eða svæðisbundnum venjurétti verður, eins og nafnið gefur til kynna, beitt innan ákveðins svæðis eða sérstaks hóps ríkja. Sem dæmi má nefna ríki Skandinavíu eða Suður - Ameríku. Sérstakur venjuréttur getur ríkt á milli tveggja ríkja.²⁶ Alþjóðadómstóllinn hefur tjáð sig um slíkar venjur, til dæmis í máli frá 1960 þar sem deilt var um rétt Portúgala til að ferðast um yfirráðasvæði Indlands. Þar segir dómstóllinn í niðurstöðum sínum að hann eigi erfitt með að sjá röksemdir fyrir því að ríki, sem myndað hafi sérstakan venjurétt sín á milli, þurfi endilega að vera fleiri en tvö.²⁷

c) Meginreglur laga

Meginreglur þjóðaréttar eru þær sömu og gilda í hinum almennu vestrænu lagakerfum; meginlandsréttinum, fordæmisréttinum og hinum blönduðu lagakerfum.²⁸ Beiting þeirra veitir dómstólum visst svigrúm til að líta til eðlis máls og sanngirniskraka. Sumar greinar Hafréttarsáttmálans eru gott dæmi um þetta, t.d. kveða fyrstu málsgreinar 74. og 83. gr. á um

²² Sjá t.d. 2. mgr. 21. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna: *Þessi lög og reglur skulu ekki gilda um hönnun, smíði, mönnun eða búnað erlendra skipa nema þau hrindi í framkvæmd almennt viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum eða mælikvörðum*, og; 5. mgr. 94. gr.: *Þegar ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. tl., eru gerðar þarf sérhvert ríki að fara eftir almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum, starfsháttum og venjum og gera ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að farið sé eftir þeim.*

²³ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 13.

²⁴ Sama heimild, 9.

²⁵ Sama heimild, 10.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Alþjóðadómstóllinn í Haag: "Case concerning Right of Passage over Indian Territory (Portúgal gegn Indlandi) I.C.J. Reports 1960, 39.: „It is difficult to see why the number of States between which local custom might be established on the basis of long practice must necessarily be larger than two.“

²⁸ Rebecca M.M. Wallace og Olga Martin-Ortega, *International law* (6. útg., Sweet & Maxwell 2009) 23-24.

afmarkanir hafsvæða ríkja sem eru hlið við hlið eða hvort á móti öðru; þar segir að slíkar afmarkanir skuli ákveðnar með samningi til þess að sanngjörn niðurstaða náist.²⁹

d) Dómsúrlausnir Alþjóðadómstólsins og skrif fræðimanna

Dómsúrlausnir Alþjóðadómstólsins og skrif fræðimanna hafa haft mikil áhrif á þróun hafréttar. Reglur þjóðaréttar geta verið flóknar og oft torskildar og er ekki óalgengt að til séu tvær túlkanir á greinum alþjóðasáttmála. Þegar dómstóll vinnur að úrlausn flókinna mála geta skrif fræðimanna haft mikil áhrif á túlkun reglna þjóðaréttar.³⁰

2.3 Þróun alþjóðlegs hafréttar á 20. öld

Árið 1930 var á vegum Þjóðabandalagsins haldin hafréttaráðstefna í Haag með það að markmiði að ná alþjóðlegu samkomulagi um stærð landhelgi strandríkja. Bandaríkamenn, Bretar og önnur evrópsk stórveldi, sem byggðu sjávarútvegsstefnu sína að miklu leyti á veiðum á fjarlægum miðum, ríghéldu í gamla reglu sem byggðist á þriggja mílna landhelgi en ýmis ríki S-Ameríku og ríki við Miðjarðarhaf voru hlynnt 6 mílna landhelgi. Svíar, Finnar og Norðmenn vísuðu til skandinavískrar reglu um fjögurra mílna landhelgi og tók sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn undir þau orð og hafði orð á því að Íslendingar gætu allt eins krafist 16 mílna landhelgi líkt og áður³¹ hefðu gilt við Íslandsstrendur.³²

Í kjölfar heimstyrjaldanna fóru ríki heimsins að gera kröfur um yfirráð yfir auðlindum í hafinu við strendur sínar. Aukin eftirspurn eftir eldsneyti varð þeim hvati til að auka við lögsögu sína til nýtingar á auðlindum í landgrunni. Haustið 1945 gaf Harry S. Truman, þáverandi Bandaríkjaforseti, út tvær mikilvægar yfirlýsingar. Í annarri var því lýst yfir að allt landgrunnið undan ströndum Bandaríkjanna skyldi heyra undir bandaríska lögsögu og í hinni, að ríkinu væri heimilt að ákveða og lýsa yfir fiskverndunarsvæðum á landgrunnsmiðum.³³

Truman-yfirlýsingarnar mörkuðu upphaf nýrrar þróunar á sviði hafréttar.³⁴ Þær voru fyrstu efnislegu kröfurnar sem strandríki gerði á sviði hafréttar og áttu mörg strandríki síðan eftir að gera sambærilegar kröfur.³⁵

²⁹ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Codex 2011) 46-47.

³⁰ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 13-14.

³¹ Hér var sendiherrann að vísa til þess tíma þegar Kristján IV Danakonungur ritaði Karli I Bretakonungi bréf um uppsögn allra fornra krafna til Norðurhafa. Nánari umfjöllun er að finna í bók Guðna Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú*, bls. 14-15.

³² Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú: Saga landhelgismálsins 1948-1976* (Tómas Haukur Heiðar ritstj., Hafréttarstofnun Íslands 2006) 19-20.

³³ Helgi Áss Grétarsson, *Réttarsaga fiskveiða frá landnámi til 1990* (Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 43.

³⁴ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 22.

³⁵ Rothwell, Donald R. og Stephens, Tim, *The International Law of the Sea* (Hart Publishing 2010) 5.

Með stofnun Alþjóðalaganefndar³⁶ Sameinuðu Þjóðanna hófst skrásetning alþjóðalaga og stigvaxandi uppbygging á sviði þjóðaréttar. Litið var á stofnun nefndarinnar sem kjörið tækifæri til að taka dómaframkvæmd Alþjóðadómstólsins og ríkjaframkvæmd á sviði hafréttar saman í alþjóðlegan sáttmála. Áttu störf Alþjóðalaganefndarinnar eftir að hafa gríðarleg áhrif á þróun þjóðaréttar og hafréttar á síðari hluta 20. aldar.³⁷

Á fyrsta fundi nefndarinnar árið 1949 var ákveðið að réttarreglur úthafsins yrðu forgangsmál. Sama ár fengu Íslendingar samþykka tillögu á Allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna um að réttarreglur landhelginnar yrðu á dagskrá nefndarinnar. Á komandi árum einbeitti nefndin sér að málefnum hafréttar og varð afrakstur þeirrar vinnu drög að sáttmála³⁸ sem lagður var fram á áttunda fundi nefndarinnar árið 1956.³⁹

Drögin voru lögð til grundvallar umræðum á fyrstu alþjóðlegu hafréttarráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna í Genf í Sviss árið 1958. Þátttökuríki ráðstefnunar fengu drögin til umfjöllunar árið 1957 og skiluðu 25 ríki athugasemdum við þau það sama ár.⁴⁰

3.0 Aðlægt belti

Þróun hugmyndarinnar um aðlæga beltið var flókið ferli sem markaðist af samverkan mismunandi hagsmuna og krafna.⁴¹ Hugmyndin er rakin til lagasetningar Breta árið 1736, þegar þeir settu tollalög sem beitt var allt að 24 mílum frá strandlínu. Lögin voru sett til höfuðs smyglurum sem voru á sveimi⁴² undan ströndum Bretlands og voru í gildi allt til loka 19. aldar.⁴³

Bretar voru meðvitaðir um að tollalögsaga þeirra væri vel umfram það sem almennt var viðurkennt í þjóðarétti þess tíma. Við síðustu framkvæmd laganna frá 1736 lögðu bresk yfirvöld hald á franskt skip sem var 23 mílur frá ströndum Bretlands, það var árið 1850. Bretar viðurkenndu að taka skipsins væri ekki samkvæmt reglum þjóðaréttar. Einn skipverja var handtekinn en honum sleppt.⁴⁴

Mörg ríki Evrópu gerðu á þessum tíma ekki beint tilkall til landhelgi sem slíkrar heldur til ýmissa annarra valdheimilda og utan landsteina voru víðáttur þessara svæða háðar tilgangi

³⁶ General Assembly, Establishment of the International Law Commission (21. Nóvember 1947) UN Doc A/RES/174 (II).

³⁷ Rothwell, Donald R. og Stephens, Tim, *The International Law of the Sea* (Hart Publishing 2010) 6.

³⁸ International Law Commission, Articles Concerning the Law of the Sea with Commentaries (1956) Yearbook of the International Law Commission, 2. árg. 253.

³⁹ Gunnar G. Schram: „Um lögmæti 12. mílna landhelgi.“ (1959) 9(2) Tímarit Lögfræðinga 140, 130.

⁴⁰ Sama heimild.

⁴¹ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 121.

⁴² Lög Breta voru kölluð „The Hovering Act“. Orðið „hover“ er þýtt sem; voka, sveima; vappa

⁴³ Churchill, R. R. and Lowe, A. V., *The law of the sea* (Manchester University Press 1988) 112.

⁴⁴ Sama heimild.

þeirra. Sem dæmi tóku Frakkar sér 3ja mílna lögsögu fyrir fiskveiðar og almenna löggæslu. Í kjölfar hennar kom 6 mílna hlutleysissvæði og síðan rúmlega 11 mílna tollalögsaga. Belgar tileinkuðu sér þessa framkvæmd einnig, ásamt Ítölum, Grikkjum og Tyrkjum en Kúba var eina ríkið utan Evrópu sem gerði sambærilegar kröfur. Enda þótt svo margar og misjafnar kröfur væru uppi var það almennt svo í framkvæmd að tolla- og öryggissvæði væru víðfeðmari en önnur eftirlitssvæði.⁴⁵

Ýmis ríki S-Ameríku gerðu tilkall til 3 mílna fullveldislandhelgi og 9 mílna öryggis- og tollalögsögu til viðbótar. Slíka reglu var að finna í lögum Síle sem og Argentínu, Mexíkó, Hondúras og Ekvadors. Sem dæmi um ríki utan S-Ameríku sem gerðu sambærilegar kröfur voru Noregur, Lettland og Egyptaland.⁴⁶

Bandaríkin þóttu hins vegar teygja sig býsna langt þegar þau, með lagasetningu árið 1922, settu áfengisbann sem náði 12 mílur út frá ströndum þeirra. Áfengislög Bandaríkjanna mættu mikilli andstöðu annarra ríkja, einkum vegna þess að þeim var beint sérstaklega að erlendum skipum og líka vegna þess að ríki viðurkenndu ekki þá stefnu sem Bandaríkin voru að framfylgja. Bretar mótmæltu þessu sterklega og hugmyndir voru á lofti um að meina bandarískum skipum að leggjast að í breskum höfnum. Árið 1924 gerðu Bandaríkin samninga við Breta, Japan, Síle, Panama og flest ríki Evrópu og ári síðar við ríki Eystrasalts. Byggðust þessir samningar á málamiðlunum milli hinna misjöfnu sjónarmiða hlutaðeigandi ríkja.⁴⁷

Árið 1925 birtist í Andvara, tímariti Hins íslenska Þjóðvinafélags, ritgerð eftir Einar Arnórsson, fyrrverandi ráðherra Íslands og þáverandi skattstjóra í Reykjavík, með fyrirsögninni „Landhelgi Íslands“, þar sem hann fjallaði um hina ýmsu vinkla á landhelgismálinu á þeim tíma. Þar segir Einar að 3ja mílna landhelgin gildi um fiskveiðar og á því liggi engin vafi, hins vegar sé ekki þar með skorið úr um breidd landhelginnar hvað önnur mál varði og nefnir hann þar það sem hann kallar „*hlutleysissvæðið*“. Veltir hann því fyrir sér hvaða heimildir strandríki hafi á ófriðartímum til að halda uppi tollgæslu og sóttvörnum og hve langt á haf út þær heimildir nái.⁴⁸

Á hafréttarráðstefnu Þjóðabandalagsins í Haag höfðu orðið umræður um nauðsyn þess að strandríki gæti tekið sér „viðbótarbelti“ utan við landhelgi þar sem ríkinu væri heimiluð takmörkuð lögsaga, meðal annars á sviði löggæslu og sóttvarna. Mörg ríki settu þetta sem skilyrði fyrir stuðningi við 3ja mílna landhelgi á ráðstefnunni.⁴⁹

⁴⁵ Churchill, R. R. and Lowe, A. V., *The law of the sea* (Manchester University Press 1988) 113.

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Sama heimild, 113-114.

⁴⁸ Einar Arnórsson: „Landhelgi Íslands“ (1925) 50(1) Andvari 114, 72.

⁴⁹ Gunnar G. Schram: „Um lögmæti 12. mílna landhelgi.“ (1959) 9(1) Tímarit Lögfræðinga 34, 22.

3.1 Tillögur Alþjóðalaganefndar Sameinuðu Þjóðanna um viðbótarmál

Í tillögum Alþjóðalaganefndarinnar frá 1956 er kafli sem ber heitið „Viðbótarmál“, þar sem segir að þáttur í störfum nefndarinnar hafi verið að fjalla um málefni úthafsins og á þriðja fundi sínum hafi hún samþykkt grein um „viðbótarmál“. Þau ríki sem tjáðu sig um greinina voru almennt hlynnt henni. Þó voru lagðir til nokkrir fyrirvarar og takmarkanir og breyttist greinin örlítið á milli funda; var það gert til að gera hana hnitmiðaðri og undirstrika tilgang nefndarinnar með greininni.⁵⁰ Tillaga Alþjóðalaganefndarinnar sem grein 66 leit svona út:

1. Á úthafssvæði því, sem liggur að landhelgi strandríkis, hefur það heimild til aðgerða sem nauðsynlegar eru til:
 - (a) Að koma í veg fyrir brot á reglum þess um tolla, fjármál og heilbrigðismál, sem gilda í landi þess eða landhelgi;
 - (b) Að koma fram refsingu fyrir brot á framangreindum reglum framin í landi þess eða landhelgi.
2. Viðbótarmálið má ekki ná lengra en tólf mílur út frá þeirri grunnlínu, sem landhelgin er mæld frá.⁵¹

Í athugasemdum sem fylgdu tillögum nefndarinnar kom fram að heimildir strandríkisins væru forvarnarlegs- og verndunarlegs eðlis á svæði sem teldist til úthafs og þessar heimildir ríkisins breyttu ekki að öðru leyti lagalegri stöðu svæðisins sem úthafs. Réttindi ríkja skyldu afmarkast við þær heimildir sem nefndar væru í a-lið 1.gr. eða ættu rætur að rekja til alþjóðasáttmála.⁵²

Þó nokkur ríki hafa tekið upp reglur sem heimila þeim tollalögsögu á hafsvæði utan landhelgi til að koma í veg fyrir brot á tolla- og eða fjármálagögum innan landhelgi. Við umræður á fundum sínum áleit nefndin að ekki væri hægt að meina ríki að beita slíku valdi og enda þótt fremur fá ríki hefðu gert kröfu til réttinda á aðlægu belti á sviði heilbrigðismála þótti nefndinni tengsl vera á milli tolla- og heilbrigðis laga og því ætti einnig að heimila slíkar valdheimildir.⁵³

Alþjóðalaganefndin vildi ekki viðurkenna neinar öryggisráðstafanir í aðlæga beltinu, þar sem hugtakið „öryggi“ mætti túlka á marga vegu og byði upp á misnotkun ef slík réttindi yrðu veitt. Lög á sviði tolla- og heilbrigðismála ættu að nægja til að tryggja öryggi ríkisins. Um heimildir ríkja til að verja sig gegn hverskonar hugsanlegri ógn, vísaði nefndin til meginreglna þjóðaréttar og sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Hún útilokaði einnig sérréttindi ríkja til fiskveiða á aðlæga beltinu á þeirri forsendu að innan undirbúningsnefndar

⁵⁰ International Law Commission, Articles Concerning the Law of the Sea with Commentaries (1956) Yearbook of the International Law Commission, 2. árg. 294, 253.

⁵¹ Sama heimild, 264.

⁵² Sama heimild, 294.

⁵³ Sama heimild, 294-295.

hafréttarráðstefnunnar í Haag 1930 hefðu ríkisstjórnir verið andvígar fiskveiðum utan landhelgi og áleit nefndin að svo væri enn.⁵⁴

Alþjóðalaganefndin taldi óvænlegt að gera sérstakar ráðstafanir til varðveislu lifandi auðlinda í tengslum við aðlæga beltið þar sem um væri að ræða lítinn hluta úthafsins; tillögur um lagasetningu á úthafinu væru í öðrum kafla frumvarps nefndarinnar og þar kæmi fram það sjónarmið að aðlæga beltið væri á úthafinu og reglur þess um varðveislu lifandi auðlinda tækju til aðlæga beltisins.⁵⁵

Nefndin taldi það heldur ekki þjóna hagsmunum strandríkis að framlengja út fyrir landhelgi þess réttindi á sviði innflutnings og brottflutnings fólks; slíkum heimildum ætti aðeins að beita á yfirráðasvæði þess og því engin ástæða til að heimila slík réttindi á aðlæga beltinu. Tilvik þar sem aðlæg belti eins eða fleiri ríkja lokuðu siglingarleið annars ríkis voru rædd innan nefndarinnar. Komst hún að þeirri niðurstöðu að slíkar lokanir væru óréttmætar; við þær aðstæður væri vænlegast að ríki kæmu sér saman sín á milli um lausn og ekki ástæða til að setja formlega reglu þar um.⁵⁶

Nefndin áleit að hámarksfjarlægð aðlæga beltisins ætti að vera sú sem ákveðin var á hafréttarráðstefnu Þjóðabandalagsins árið 1930. Þar til samkomulag um landhelgi frá strandlínu næðist, ætti viðmiðunarlína aðlæga beltisins að vera frá strandlínu en ekki landhelgislínu. Ríki sem hefðu tekið sér víðáttumikla landhelgi hefðu minni þörf fyrir aðlægt belti en þau sem gætt hefðu hófs í tilkalli sínu til landhelgi, en nefndin fann sig knúna til að gera það ljóst að mælt væri frá grunnlínu strandar sem landhelgi væri mæld út frá svo og að þau réttindi, sem greinin veitti, hefði ekki áhrif á réttarstöðu lofthelginnar fyrir ofan aðlæga beltið.⁵⁷

3.2 Fyrsta hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna

Sameinuðu Þjóðirnar héldu fyrstu alþjóðlegu hafréttarráðstefnu samtakanna í Genf í Sviss árið 1958. Ráðstefnan stóð yfir frá 24. febrúar til 27. apríl og var markmið hennar að ákvarða hvaða þjóðréttarreglur væru í gildi á sviði hafréttar. Hafréttarráðstefnan þótti vel heppnuð, en þar sammæltust 86 ríki um fjóra sáttmála.⁵⁸ Þeir voru; 1. Sáttmálinn um landhelgi og aðlæga beltið⁵⁹, 2. Sáttmálinn um landgrunnið⁶⁰, 3. Sáttmálinn um úthafið⁶¹ og 4. Sáttmálinn um

⁵⁴ International Law Commission, Articles Concerning the Law of the Sea with Commentaries (1956) Yearbook of the International Law Commission, 2. árg. 295, 253.

⁵⁵ Sama heimild.

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ Sama heimild.

⁵⁸ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 22.

⁵⁹ Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone 1958, 516 UNTS 205.

⁶⁰ Convention on the Continental Shelf 1958, 499 UNTS 311.

⁶¹ Convention on the High Seas 1958, 450 UNTS 11.

fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á úthafinu.⁶² Auk ofangreindra sáttmála var samþykkt valfrjáls bókun um skyldubundna lausn deilumála sem upp gætu komið í tengslum við sáttmála ráðstefnunnar svo og níu ályktanir um hin ýmsu málefni hafréttarins, svo sem kjarnorkutilraunir, mengunarvarnir tengdar kjarnorkuúrgangi, fiskveiðilögsögu og sögulega flóa.⁶³

Við upphaf ráðstefnunnar var gert ráð fyrir að drög Alþjóðalaganefndarinnar myndu liggja til grundvallar einum heildarsáttmála á sviði hafréttar, en annað átti eftir að koma í ljós. Textanum var skipt á milli fjögurra nefnda og urðu fjórir sáttmálar til við þá vinnu. Að auki var skipuð sérstök nefnd til að íhuga frjálst aðgengi að hafinu fyrir landlæg ríki. Ekkert samkomulag náðist, en sammælt var um að hagsmuna þeirra skyldi gætt í sáttmálum ráðstefnunnar.⁶⁴

Enda þótt ráðstefnan þætti vel heppnuð voru tvö stór mál óleyst að henni lokinni, þ.e. víðfeðmi landhelginnar og stofnsetning vettvangs til friðsamlegra lausna deilumála, því erfitt væri að setja reglur sem ekki væri torvelt að beita og túlka.⁶⁵ Þegar ljóst varð að ekki myndi nást samkomulag um víðáttu landhelginnar samþykkti ráðstefnan tillögu þann 27. apríl, þess efnis að beina því til 13. Allsherjarþings Sameinuðu Þjóðanna hvort grundvöllur væri fyrir nýrri ráðstefnu til að fjalla um þau mál sem ekki hefði tekist að leysa.⁶⁶ Allsherjarþingið samþykkti tillöguna 10. desember 1958 og ákvað að aðalritari Sameinuðu Þjóðanna skyldi kalla saman aðra alþjóðaráðstefnu um réttarreglur á hafinu á vordögum 1960. Viðfangsefni hennar skyldu fyrst og fremst vera málefni landhelginnar og fiskveiðilögsaga og skyldu niðurstöður ráðstefnunnar frá 1958 liggja henni til grundvallar.⁶⁷

3.2.1 Umræður um aðlæga beltið á ráðstefnunni

Sendinefnd Kanada lagði fram tillögu þann 29. mars 1958 um breytingu á tveimur greinum; 3. gr. um landhelgi og 66. gr. um aðlægt belti. Samkvæmt tillögunni áttu strandríki að hafa 3ja mílna landhelgi skv. 3. gr. og 12 mílna fiskveiðilögsögu skv. 66. gr. Enda þótt Kanadamenn gerðu í upphafi þann fyrirvara við tillögu sína að henni mætti ekki breyta og að hún væri aðeins til umræðu og atkvæðagreiðslu þá var henni breytt.⁶⁸

⁶² Convention on Fishing and Conservation of the Living Resources of the High Seas 1958, 559 UNTS 287.

⁶³ Rothwell, Donald R. og Stephens, Tim, *The International Law of the Sea* (Hart Publishing 2010) 6-7.

⁶⁴ Sama heimild, 7.

⁶⁵ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 24.

⁶⁶ Gunnar G. Schram: „Um lögmæti 12. mílna landhelgi.“ (1959) 9(2) Tímarit Lögfræðinga 141, 130.

⁶⁷ General Assembly Convening of a second United Nations conference on the law of the sea (10. desember 1958) UN Doc GA/RES/1307 (XIII).

⁶⁸ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Kanada: A/CONF.13/C.1/L.77/Rev.1 232.

Ný tillaga var lögð fram af Kanada, Indlandi og Mexíkó um 3. gr. þar sem ákveðin var 6 mílna landhelgi, með fyrirvara um þau ríki sem höfðu fyrir 24. febrúar 1958 lýst yfir landhelgi sem væri stærri en 6 mílur; þeim væri heimilt að ákvarða landhelgi sem ekki næði lengra en 12 mílur frá strandlínu. Þar sem landhelgi ríkja væri minni en 12 mílur, væri þeim heimilt að taka upp fiskveiðilögsögu út að 12 mílna markinu og njóta þar sömu réttinda og þau hefðu innan landhelginnar til veiða og nýtingar auðlinda.⁶⁹ Sú tillaga var dregin til baka daginn eftir og lagði þá sendinefnd Kanada ein fram 3ju útfærsluna af upphaflegri tillögu sinni um 3. gr. en með henni gátu strandríki tekið sér 6 mílna landhelgi og 6 mílna fiskveiðilögsögu til viðbótar.⁷⁰

Á 56. fundi 1. nefndar var ákveðið með 36 atkvæðum gegn 28 (18 sátu hjá) að kosið yrði um tillögu Kanada eftir málsgreinum. Fyrstu málsgrein um 6 mílna landhelgi var hafnað með 48 atkvæðum gegn 11 og 23 sátu hjá; íslenska sendinefndin greiddi atkvæði gegn henni. Önnur málsgrein sem heimilaði fiskveiðilögsögu út að 12 mílum frá strandlínu var samþykkt með 39 atkvæðum gegn 35, 9 sátu hjá. Íslenska sendinefndin kaus með greininni.⁷¹ Þar sem ákvæðið um fiskveiðilögsögu hafði færst undir 3. grein voru örlög tillögunnar ráðin í 3. nefnd sem fór með málefni úthafsveiða. Þar náði hún ekki fram að ganga, en sendinefnd Kanada hafi ekki sagt sitt síðasta um fiskveiðilögsögu í viðbót við landhelgi.

Ráðstefnan samþykkti að lokum texta sem var orðréttur þeim sem Alþjóðalaganefndin hafði lagt til, að viðbætti þriðju málsgrein sem lögð var fram af Júgóslavíu.⁷² Pólsk breytingartillaga um brottfall setningarinnar: „*Að koma fram refsingu fyrir brot á framangreindum reglum framin í landi þess eða landhelgi*“, var samþykkt í 1. nefnd, en síðar hafnað á allsherjarfundi ráðstefnunnar. Hún gerði einnig ráð fyrir rétti ríkja til að gera þar öryggisráðstafanir sem var mótmælt enda þótt slík framkvæmd væri algeng en mótmælin snérust um hvernig slík réttindi ógnuðu frelsi úthafsins.⁷³

⁶⁹ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Kanada: A/CONF.13/C.1/L.77/Rev.2 232.

⁷⁰ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Kanada: A/CONF.13/C.1/L.77/Rev.3 232.

⁷¹ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. 56. fundur (A/3159) 174.

⁷² United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Júgóslavíu: A/CONF.13/C.1/L.54 226.

⁷³ Churchill, R. R. and Lowe, A. V., *The law of the sea* (Manchester University Press 1988) 116.

Endanleg útfærsla greinarinnar varð því eftirfarandi:

1. Á úthafssvæði því, sem liggur að landhelgi strandríkis, hefur það heimild til aðgerða sem nauðsynlegar eru til:
 - (a.) Að koma í veg fyrir brot á reglum þess um tolla, fjármál, innflytjendur og heilbrigðismál, sem gilda í landi þess eða landhelgi;
 - (b.) Að koma fram refsingu fyrir brot á framangreindum reglum framin í landi þess eða landhelgi.
2. Viðbótarbeltið má ekki ná lengra en tólf mílur út frá þeirri grunnlínu, sem landhelgin er mæld frá.
3. Þar sem strendur tveggja ríkja eru andspænis hvor annarri eða liggja saman, hefur hvorugt ríkið, nema um það hafi náðst samkomulag, rétt til að láta viðbótarbelti sitt ná lengra en að þeirri miðlínu, sem dregin er jafnlangt frá grunnlínum þeim, sem landhelgi beggja ríkjanna er mæld frá.⁷⁴

3.2.2 Afstaða Íslendinga á ráðstefnunni

Lúðvík Jósefsson, þá sjávarútvegsráðherra og Guðmundur Í. Guðmundsson, þá utanríkisráðherra, sátu fundi ráðstefnunar auk fastanefndar Íslands, en hana skipuðu Hans G. Andersen, sendiherra, Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri og Jón Jónsson, forstöðumaður fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands.⁷⁵

Hans Andersen tók til máls í almennum umræðum 1. nefndar, sem fjallaði um víðáttu landhelginnar. Í ræðu sinni rakti hann aðdraganda ráðstefnunnar, þýðingu fiskveiða fyrir Ísland og þá þróun sem hefði átt sér stað við strendur landsins, ofveiðinni og setningu landgrunnslaganna. Hans fjallaði jafnframt um þær greinar Alþjóðalaganefndarinnar sem snéru að landhelginni og sýndi fram á að vandamál Íslendinga, fiskveiðar erlendra aðila við strendur Íslands, yrðu ekki leyst með tillögum hennar. Hann áleit hugmyndir Alþjóðalaganefndarinnar um „viðbótarbelti“ í 66. gr. viðurkenna atriði sem væru sambærileg fiskveiðum fyrir ströndum Íslands en greinin tæki þó aðeins til brota á sviði tolla-, fjármála- og heilbrigðiseftirlits, ekki fiskveiða. Hans fann sig knúinn til að tjá sig um landgrunnsákvæði tillögunnar enda þótt þau væru rædd í 3ju nefnd ráðstefnunnar þar sem þau snéru að þeim grundvallaratriðum sem fiskveiðar á svæðinu umhverfis Ísland byggðust á. Ákvæðin tækju aðeins til réttinda til auðlindatöku úr landgrunnsbotninum og veiða á dýrategundum sem væru föst við botninn en ekki auðlindatöku í hafinu sjálfu á sama svæði og leystu því ekki vandamál Íslendinga frekar en hugmyndin um viðbótarbelti.⁷⁶

⁷⁴ 24. gr. Sáttmálans um landhelgi og aðlægt belti (e. Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone).

⁷⁵ Davíð Ólafsson: „Ráðstefnan í Genf 1958 um réttarreglur á hafinu.“ (1958) 51(5) Ægir 78, 78.

⁷⁶ Davíð Ólafsson: „Ráðstefnan í Genf 1958 um réttarreglur á hafinu.“ (1958) 51(8) Ægir 126, 124.

Þann 1. apríl 1958 lagði Íslenska sendinefndin fram breytingartillögu við 66. grein um aðlægt belt. Samkvæmt henni skyldi þriðju málsgreininni bætt við, svohljóðandi:

Við óvenjulegar kringumstæður, þar sem fólk er aðallega háð fiskveiðum, bæði til lífsviðurværis og efnahagsþróunar, skal strandríki hafa rétt til að taka sér lögsögu yfir fiskveiðum á svæðum við strendur þess, í samræmi við lagalegar forsendur.⁷⁷

Hans Andersen mælti fyrir tillögunni á 36. fundi 1. nefndar og sagði þar, að í 10 ár hefðu Íslendingar bent á að ekki væri nauðsynlegt að stækka landhelgi strandríkis til þess að það fengi lögsögu yfir fiskimiðum fyrir utan strendur þess. Hans kvaðst sammála sendinefnd Kanada um að breidd landhelginnar og einkaréttindi til fiskveiða í aðlæga beltinu væru nátengd og tillaga hennar um viðurkenningu á fiskveiðiheimildum út að 12 mílum frá ströndu væri sanngjörn og raunsæ lausn á málinu. Hans sagði einnig að 66. gr. ætti að innihalda undantekningarheimildir í tilfellum, þar sem nauðsyn gæfi tilefni til fiskveiðiheimilda sem næðu lengra en 12 mílur á afmörkuðum svæðum og á tilteknum tímabilum.⁷⁸

Kanadíska tillagan náði sem fyrr segir ekki fram að ganga og Alþjóðalaganefndin vildi ekki tjá sig um tilkall ríkja til fiskveiðiheimilda á grundvelli sérstakra efnahagslegra aðstæðna, á þeirri forsendu að ekki væru fyrir hendi nægar rannsóknir á sviði líf- og hagfræði. Íslenska sendinefndin taldi að Alþjóðalaganefndin ættu ekki að hunsa kröfuna um einkaréttindi á fiskveiðum, hingað til hefðu engin skjöl verið lögð fram né vinnuhópur fenginn til að skoða málið.⁷⁹

Davíð Ólafsson gerði grein fyrir afstöðu íslensku sendinefndarinnar á 59. fundi 1. nefndar. Þar skýrði hann frá því að sendinefnd Íslands hefði verið á móti 1. mgr. 3. gr. tillögu kanadísku sendinefndarinnar þar sem ekki hefði verið búið að kjósa um fyrirbyggjandi tillögu ráðstefnunnar um 12 mílna landhelgi. Sendinefndin hefði ávalt verið þeirrar skoðunnar að yrðu sérréttindi til fiskveiða viðurkennd myndi hún ekki beita sér fyrir stækkun landhelginnar. Hún hefði samþykkt 2. mgr. kanadísku tillögunnar þar sem hún viðurkenndi þessi sérréttindi. Sendinefnd Íslands sat síðan hjá við allar atkvæðagreiðslur sem snéru að stærð landhelginnar.⁸⁰

⁷⁷ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Íslands: A/CONF.13/C.1/L.131 246.

⁷⁸ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. 36. fundur (A/3159) 107.

⁷⁹ Sama heimild.

⁸⁰ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. 59. fundur (A/3159) 182.

3.3 Önnur hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna

Eins og fram kom hér að framan í niðurlagi kafla 2.2 ákvað Allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna að haldin skyldi önnur rástefna um málefni hafsins. Allsherjarþingið hafði mótttekið tilmæli fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna þann 27. apríl 1958 um að það fhugaði að halda aðra ráðstefnu sem fyrst, til að fjalla um þau mál sem fyrri ráðstefnan hafði ekki getað leyst. Allsherjarþingið taldi, í ljósi þess að fyrsta hafréttarráðstefnan hefði lagt mikið af mörkum til skrásetningar og áframhaldandi þróunar hafréttar, og þar sem hvorki hefði náðst samkomulag um breidd landhelginnar né fiskveiðilögsögu, að boðað skyldi til annarrar ráðstefnu í mars eða apríl árið 1960.⁸¹

Önnur hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna var svo sett þann 17. mars 1960 í Genf í Sviss. Viðfangsefni hennar voru ytri takmörk landhelginnar og fiskveiðilögsaga. Tóku 88 ríki þátt í fundum ráðstefnunnar.⁸² Ekki voru málefni aðlæga beltisins til umræðu þar og er ástæðan talin sú, sem áður hefur verið getið, að engin samstaða var um breidd landhelginnar né fiskveiðilögsögu.⁸³

3.3.1 Afstaða Íslendinga á ráðstefnunni

Sendinefnd Íslands á ráðstefnunni var fjölskipuð en í henni sátu Guðmundur Í. Guðmundsson, þá utanríkisráðherra, formaður sendinefndarinnar, Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, varaformaður sendinefndarinnar, Hans G. Andersen, sendiherra, Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri, Dr. Helgi P. Briem, sérstakur sendiherra, Henrik Sv. Björnsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, Hermann Jónasson, alþingismaður, Jón Jónsson, forstöðumaður Fiskistofu og Lúðvík Jósefsson, alþingismaður.⁸⁴

Kanadísk tillaga, svipuð þeirri sem lögð var fram á ráðstefnunni 1958, var lögð fram 24. mars árið 1960 og átti hún eftir að hafa mikil áhrif á framgang mála á ráðstefnunni. Samkvæmt henni var ríkjum heimilað að taka upp 6 mílna landhelgi og 6 mílna fiskveiðilögsögu í kjölfar hennar.⁸⁵

⁸¹ General Assembly, Convening of a second United Nations conference on the law of the sea (10. desember 1958) UN Doc GA/RES/1307 (XIII).

⁸² Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 24.

⁸³ Rothwell, Donald R. og Stephens, Tim, *The International Law of the Sea* (Hart Publishing 2010) 79.

⁸⁴ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8 XVII.

⁸⁵ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII. Tillaga Kanada: A/CONF.19/C.1/L.4 167.

6. apríl 1960 lagði íslenska sendinefndin fram tillögu um sérstöðu ríkja:

Á svæðum þar sem fólk er sérstaklega háð fiskveiðum, bæði til lífsviðurværis og efnahagsþróunar, er nauðsynlegt að takmarka heildarafla fiskistofns eða fiskistofna á svæðum sem liggja að strandveiðisvæðum. Strandríki skal njóta forréttinda gagnvart slíkum takmörkunum að því marki sem nauðsynlega er krafist, vegna þess hve ríkið er háð fiskveiðum.

Ef upp koma deilur á milli aðila, geta viðkomandi ríki hrint því verklagi af stað sem kveðið er á um í.....⁸⁶

Endurskoðuð útgáfa leit svo dagsins ljós sex dögum síðar, en þá var lokið við aðra málsgrein tillögunnar sem snéri að lausn deilumála um fyrrgreinda sérstöðu. Með viðbótinni gátu ríki hrint af stað því verklagi sem kveðið var á um í Sáttmálanum um fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á úthafinu sem samþykktur hafði verið á fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna.⁸⁷ Íslenska tillagan var samþykkt með 31 atkvæði gegn 11, en 46 þjóðir sátu hjá.⁸⁸

Þann 8. apríl lögðu Bandaríkin og Kanada fram sameiginlega tillögu, samhljóða kanadísku tillögunni að öðru leyti en því að við hana hafði þá bæst nýtt ákvæði sem heimilaði ríkjum, sem veitt hefðu undanfarin 5 ár á svæðinu, sem nýja fiskveiðilögsagan næði til, að veiða þar í 10 ár.⁸⁹

Mánudaginn 25. apríl tók Guðmundur Í. Guðmundsson til máls á 12. fundi ráðstefnunnar þar sem stærð landhelginnar og fiskveiðitakmarkanir voru til umfjöllunar. Þar kynnti hann tillögu Íslands til breytingar á sameiginlegri tillögu Bandaríkjanna og Kanada á þann veg að ákvæði hennar tækju ekki til þjóða sem byggðu afkomu sína á fiskveiðum.⁹⁰

Guðmundur rifjaði upp um leið, að Ísland hefði stutt upphaflega tillögu Kandamanna um 6 mílna landhelgi plús 6 mílna fiskveiðilögsögu, sem að mati íslensku sendinefndarinnar væri heiðarleg og sanngjörn málamiðlun. Í ljósi þeirrar breytingar sem gerð væri með hinni sameiginlegu tillögu Kanadamanna og Bandaríkjanna með því að heimila erlendum ríkjum að veiða í fiskveiðilögsögunni í 10 ár, gæti Ísland ekki stutt hana.⁹¹ Breytingartillaga Íslands

⁸⁶ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII. Tillaga Íslands: A/CONF.19/C.1/L.7 168. (þýð. höf.)

⁸⁷ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII 169.

⁸⁸ Sama heimild, 170.

⁸⁹ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8 XVII Sameiginleg tillaga Kanada og Bandaríkjanna: UN Doc A/Conf.19/C.1/L.10, 169.

⁹⁰ United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII 174.

⁹¹ Sama heimild, 26.

var felld með 48 atkvæðum gegn 24, en 15 ríki sátu hjá⁹² og í lokin var tillaga Bandaríkjanna og Kanada einnig felld, þar sem eitt atkvæði vantaði upp á að fá samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða ráðstefnunnar. Má leiða líkum að því að atkvæði Íslendinga hafi ráðið úrslitum þar um.⁹³ Var því ljóst að ráðstefnan gat ekki komið sér saman um stærð landhelginnar.⁹⁴

3.4 Þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna

Þriðja Hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna er einn yfirgripsmesti vettvangur alþjóðlegrar lagasetningar sem sögur fara af á sviði þjóðaréttar. Hafréttarráðstefnan samþykkti sáttmála upp á 320 greinar og 9 viðauka við hann.⁹⁵ Vinnulag ráðstefnunnar var annað en áður hafði verið við haft. Einstakar greinar voru ekki samþykktar hver um sig heldur allur sáttmálinn í heild, en með því átti að ná sem breiðastri samstöðu allra þátttökuríkja um málefni hafsins. Útlit var fyrir að ráðstefnan myndi samþykkja sáttmálann einróma án atkvæðagreiðslu en þar sem Bandaríkin gátu ekki fallist á tiltekin atriði, sem snéru m.a. að alþjóðlega hafsbotninum, varð að greiða atkvæði um hann í lokin.⁹⁶

Sáttmálinn var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta, 130 ríki samþykktu, 17 sátu hjá og 4 ríki voru á móti. Ísland var eitt þriggja Evrópuríkja sem samþykktu sáttmálann og þann 21. júní 1985 varð Ísland fyrst vestrænna ríkja til að fullgilda hann þegar fullgildingarskjal var afhent á skrifstofu Sameinuðu Þjóðanna í New York. Þann 16. nóvember 1994 tók hafréttarsáttmálinn gildi⁹⁷ en þá var eitt ár liðið frá því að 60 ríki höfðu fullgilt hann í samræmi við 306 gr.⁹⁸ og 1. mgr. 308. gr.⁹⁹

⁹² United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII 29.

⁹³ Sama heimild, 30.

⁹⁴ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 24.

⁹⁵ Rothwell, Donald R. og Stephens, Tim, *The International Law of the Sea* (Hart Publishing 2010) 14.

⁹⁶ Gunnar G. Schram, Hafréttur (Háskólaútgáfan 2001) 18-19.

⁹⁷ Gunnar G. Schram, Hafréttur (Háskólaútgáfan 2001) 19.

⁹⁸ 306. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna segir:

Fullgilding og formleg staðfesting

Samningur þessi er háður fullgildingu ríkja og hinna aðilanna sem getið er í 305 gr., 1. tl. b), c), d) og e), svo og formlegri staðfestingu samkvæmt IX. viðauka af hálfu aðilanna sem getið er í 305. gr., 1. tl. f).

Fullgildingarskjölum og skjölum með formlegri staðfestingu skal komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

⁹⁹ 308. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna segir:

Gildistaka

1. Samningur þessi skal ganga í gildi 12 mánuðum eftir þann dag er sextugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

3.4.1. Umræður um aðlægt belti á ráðstefnunni

Í aðdraganda ráðstefnunnar var aðeins ein tillaga lögð fram að nýju ákvæði um aðlægt belti, var það gert hjá Nefnd um friðsamlega nýtingu sjávarbotnsins og hafsbotsins utan landsbundinnar lögsögu, en hún var ein af undirbúingsnefndum ráðstefnunnar. Indland lagði þar fram svohljóðandi tillögu:

Á svæði, innan efnahagslögsögunnar, þar sem ytri mörk ná ekki lengra en ... sjómíli frá landhelgi, hefur strandríkið heimildir til að beita nauðsynlegu valdi til að:

- (a) afstýra brotum á lögum og reglum í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum á landi eða innan landhelginnar,
- (b) refsa fyrir brot á framangreindum lögum og reglum sem framin eru á landi eða innan landhelginnar.¹⁰⁰

Umræður um aðlægt belti hófust þann 19. júlí 1974, á 9. fundi 2. nefndar ráðstefnunnar sem fjallaði m.a. um málefni aðlæga beltisins. Sendinefnd Mexíkó lagði til við upphaf umræðna að fresta umfjöllun um það, í ljósi þess að slíkt belti væri ekki réttlætanlegt ef fram komnar hugmyndir um allt að 200 mílna efnahagslögsögu næðu fram að ganga. Var þessi tillaga studd af sendinefndum Kamerún og Tógó. Mexíkó benti á að þar sem einungis ein tillaga hefði verið lögð fram og ekkert samþykki lægi fyrir um greinina í heild væri kannski best að bíða með ákvörðun þar til síðar. Tóku ýmsar sendinefndir undir orð Mexíkóans um hver afdrif aðlæga beltisins yrðu, ef 200 mílna lögsaga yrði samþykkt. Sendinefnd Indverja benti á að þau réttindi, sem gert væri ráð fyrir að fylgdu efnahagslögsögunni innihéldu engin sérrettindi strandríkis til að koma í veg fyrir brot á tolla-, fjármála-, innflytjenda- og heilbrigðislögum. Ef þessi réttindi yrðu hins vegar látin fylgja efnahagslögsögunni, væri hugmyndin um aðlægt belti óþarfi, óháð því hve stór efnahagslögsagan yrði.¹⁰¹

Ný tillaga um aðlægt belti var lögð fram á hafréttarráðstefnunni þann 29. júlí 1974. Höfundar hennar voru Hvíta-Rússland, Búlgaría, Tékkland, Þýskaland, Ungverjaland, Mongólía, Pólland og Sovétríkin. Textinn var orðréttur frá hafréttarráðstefnunni í Genf 1958¹⁰² og sagði hinn þýski stuðningsmaður tillögunnar við kynningu hennar á 31. fundi 2. nefndar þann 7. ágúst 1974 að textinn endurspeglaði gildandi þjóðarétt og að grunnhugmyndin að baki aðlæga beltinu væri að auka vernd þeirra ríkja sem ekki vildu taka upp fulla 12 mílna landhelgi.

¹⁰⁰ The report of the committee on the peaceful uses of the sea-bed and the ocean floor beyond the limits of national jurisdiction, IV útg. General Assembly official records: twenty-eighth session (1973) UN Doc A/9021 supplement no. 21 47.

¹⁰¹ United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 9th meeting (19. júlí 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.9 121.

¹⁰² United Nations Conference on the Law of the Sea, Byelorussian Soviet Socialist Republic, Bulgaria, Czechoslovakia, German Democratic Republic, Hungary, Mongolia, Poland and Union of Soviet Socialist Republics: draft article on the contiguous zone (29. júlí 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.27 205.

Þar sem almennt væri nú orðið viðurkennt að ríki hefðu heimild til að taka upp 12 mílna landhelgi teldi Þýskaland sjálfsagt að ríki sem væru með minni landhelgi hefðu möguleika á að vernda hagsmuni sína á svæði fyrir utan landhelgina. Hann var einnig þeirrar skoðunar að ríki sem hefðu 12 mílna landhelgi ættu ekki að hafa völd á viðkomandi sviðum fyrir utan hana. Allar slíkar viðbótarheimildir gætu skaðað alþjóðasamskipti og hindrað frelsi til siglinga.¹⁰³

Sendinefnd Hondúras var þeirrar skoðunar að upphaflega hefði aðlægt beltí verið hugsað til að takmarka yfirráðasvæði strandríkis jafnframt því að vernda það á tíma hraðrar þróunnar á sviði skipasiglinga; aðlæga beltíð væri á úthafinu og valdsvið svæðisins sérstaklega lagað að þróun skipasiglinga. En nú væru breyttir tímar; 12 mílna landhelgi væri almennt orðin viðurkennd og þar af leiðandi væri aðlæga beltíð úrelt hugmynd. Hvað varðaði þær þjóðir sem hefðu tekið sér aðlægt beltí utan 12 mílna línunnar, áleit sendinefnd Hondúras að aðlæga beltíð yrði úrelt þegar efnahagslögsagan yrði lögleidd þar sem upprunalega hugmyndin um aðlægt beltí á úthafinu yrði ekki útfærð innan sérstaks svæðis sem hvorki væri landhelgi né úthaf. Hondúras ætlaði þó ekki að kjósa gegn aðlægu beltí innan efnahagslögsögunnar, en það mætti þó ekki ná lengra en 6 mílur frá landhelgislínu eða 18 mílur frá strandlínu.¹⁰⁴

Sendinefnd Bahrein vildi halda ákvæðinu um aðlægt beltí en færa upphafslínu þess frá strandlínu fram að landhelgislínu, þannig að það næði að hámarki 24 mílur á haf út. Aðspurðir um fjarlægðartölur í tillögu sinni, sem að framan var getið, sögðu Indverjar að talan 30 ætti að koma fyrir framan „sjómíllur“ í 2. málsgrein.¹⁰⁵

Þann 23. ágúst 1974 lögðu Egyptar, Hondúras, Indland, Íran, Kúvæt, Lýbía, Mexíkó, Morokkó, Oman, Katar, Sádí Arabía, Sameinuðu Furstadæmi Arabíu og Jemen fram tillögu um aðlægt beltí orðrétta áður nefndri tillögu Indverja.¹⁰⁶

Höfundur fann ekki frekari umræður um þær tillögur sem lagðar höfðu verið fram til þessa, sem gæti skýrst af því að á 43. fundi 2. nefndar minnti formaður hennar á, að 9. fundur nefndarinnar hefði ákveðið að henni skyldi skipt í hópa þegar tími gæfist til og umræðuefnunum þeirra á milli. Aðlægt beltí var þar undir hópi 1 og kom það fram í máli formannsins að sá hluti

¹⁰³ United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 30th meeting (7. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.31 234.

¹⁰⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵ Sama heimild.

¹⁰⁶ United Nations Conference on the Law of the Sea, Egypt, Honduras, India, Iran, Kuwait, Liberia, Libyan Arab Republic, Mexico, Morocco, Oman, Qatar, Saudi Arabia, United Arab Emirates and Yemen: draft article on the economic and contiguous zone (23. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.78 239. (þýð. höf.)

umræðna færi fram á óformlegum fundum.¹⁰⁷ Nokkrum dögum síðar lauk fundum 2. nefndar í 3. umferð.¹⁰⁸

Í 4. umferð var ákveðið á óformlegum fundi að taka upp verklag sem byggðist á samkomulagi án atkvæðagreiðslu, þ.e ef sendinefnd væri sammála svokölluðum „samningatexta“¹⁰⁹ sem lagður hefði verið fram, ætti hún ekki að fjalla frekar um greinina.¹¹⁰

Í 5. umferð voru engir formlegir fundir haldnir. Nefndinni var aftur skipt upp í fimm hópa sem áttu að einbeita sér að fyrirfram ákveðnum spurningum, en engin þeirra snérist um aðlægt belti.¹¹¹

Við upphaf nefndarstarfa í 6. umferð ákvað nefndin að einbeita sér að þremur spurningum og var henni í því skyni skipt upp í þrjá samningshópa.¹¹² Samkvæmt ákvörðun ráðstefnunnar tók svo forseti hennar, í samráði við formenn nefndanna, allar greinar þeirra saman í heildstæðan endurskoðaðan texta.¹¹³

Sjöunda umferð ráðstefnunnar var haldin í tveimur áföngum í New York árið 1978 og hélt 2. nefnd fimm fundi. Nefndinni var skipt upp í samningahópa sem áttu að fást við tiltekna málaflokka, en engin þeirra fjallaði þar um aðlægt belti.¹¹⁴

Áttunda umferð var einnig haldin í tveimur áföngum, annars vegar í Genf í Sviss og hins vegar í New York og var ákveðið í upphafi að halda áfram með það vinnulag sem nefndin hafði tekið upp í 7. umferð.¹¹⁵ Lögð var rík áhersla á að ljúka óleystum deiluefnum í 9. umferð, markmiðið var að útfæra lokaútgáfu af endurskoðaða textanum en 2. nefnd hélt enga formlega

¹⁰⁷ United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 43rd meeting (23. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.43 293.

¹⁰⁸ United Nations Conference on the Law of the Sea, Statement by the Chairman of the Second Committee at its 46th meeting (28. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.86 243.

¹⁰⁹ United Nations Conference on the Law of the Sea, Revised single negotiating text (part II) UN Doc A/CONF.62/WP.8/Rev.1/PartII 158.

(ínsk, höf: Í þessum texta er búið að breyta landlægum mörkum aðlæga beltisins, svo nú nær beltið 24 mílur út frá grunnlínum. Engin opinber skjöl eru að finna um breytinguna sem átti sér stað, en svo virðist vera að hugmyndir Bahrein frá 31. fundi sem minnst var á fyrir í þessari ritgerð, hafi fengið stuðning sendinefnda ráðstefnunnar.)

¹¹⁰ United Nations Conference on the Law of the Sea, Statement on the work of the Second Committee from the fourth to the eleventh sessions of the Conference (29. apríl 1982) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.101 277.

¹¹¹ Sama heimild, 278.

¹¹² Sama heimild.

¹¹³ United Nations Conference on the Law of the Sea, Informal Composite Negotiating Text (15. júlí 1977) U.N. Doc A/CONF.62/WP.10.

¹¹⁴ United Nations Conference on the Law of the Sea, Statement on the work of the Second Committee from the fourth to the eleventh sessions of the Conference (29. apríl 1982)

U.N. Doc A/CONF.62/C.2/L.101 278-279.

¹¹⁵ Sama heimild, 279.

fundi í þessari umferð.¹¹⁶ Né heldur í 10. umferð¹¹⁷ Aðeins einn formlegur fundur var haldinn í 11. umferð. Þar þakkaði formaður 2. nefndar sendinefndum ríkjanna fyrir þátttöku í ráðstefnunni og þar með lauk störfum nefndarinnar á ráðstefnunni.¹¹⁸

3.4.2 Afstaða Íslendinga á ráðstefnunni

Við leit höfundar í fundargerðum 2. nefndar fundust engar athugasemdir af hálfu Íslands um aðlægt belti. Á 45. fundi nefndarinnar tók Hans Andersen til máls þar sem hann óskaði eftir því við skrifstofustjóra ráðstefnunnar að hann sæi til þess að sameinuð textaskjöl yrðu sendinefndunum aðgengileg. Einnig fór Hans fram á það við fulltrúa Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu Þjóðanna, að stofnunin útbyggi endurskoðaða útgáfu af gögnum um takmarkanir og stöðu landhelginnar, efnahagslögsögunnar, fiskverndunarsvæða og landgrunnsins, þar sem slíkt skjal gæti verið góður grundvöllur fyrir áframhaldandi störf nefndarinnar.¹¹⁹

3.5 Gagnrýni á lagalega stöðu aðlægs beltis

Nokkur atriði hafa verið í umræðunni um 1. mgr. 33. grein Hafréttarsáttmálans sem hljóðar svo:

1. Á belti, sem liggur að landhelginni og nefnist aðlæga beltið, getur strandríkið farið með nauðsynlegt vald til að:
 - a) afstýra brotum á lögum og reglum þess í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum í landi eða landhelgi þess;
 - b) refsfa fyrir brot á ofangreindum lögum og reglum sem framin eru í landi eða landhelgi þess.¹²⁰

Fræðimenn hafa sérstaklega velt fyrir sér orðalagi 1. málsgreinar 33. gr. Hafréttarsáttmálans (sem og 24. gr. Sáttmálans um landhelgi og aðlægt belti frá 1958). Talið hefur verið að bókstafleg merking greinarinnar sé aðeins heimild strandríkis til framkvæmdavalds en ekki til lagasetningar. A-liður er talinn eiga við skip á leið inn í lögsögu strandríkis, en b-liður við um skip sem eru að sigla brott úr lögsögunni¹²¹

B-liður 1. mgr. tilgreinir ekki nákvæmlega hvað átt er við með orðunum að „refsfa fyrir brot“. Hinsvegar veitir 111. gr. Hafréttarsáttmálans skipi eða loftfari strandríkis rétt til óslitinnar

¹¹⁶ United Nations Conference on the Law of the Sea, Statement on the work of the Second Committee from the fourth to the eleventh sessions of the Conference (29. apríl 1982)
U.N. Doc A/CONF.62/C.2/L.101 279-280.

¹¹⁷ Sama heimild, 280.

¹¹⁸ United Nations Conference on the Law of the Sea, 59th meeting of the Second Committee (29. apríl 1982)
UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.59.

¹¹⁹ United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 45th meeting (28. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.45 299.

¹²⁰ 33. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna (e. United Nations Convention on the Law of the Sea).

¹²¹ Sjá t.d: Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 122;
Churchill, R. R. and Lowe, A. V., *The law of the sea* (Manchester University Press 1988) 116.

eftirfarar vegna ætlaðra brota á lögum sem gilda á aðlæga beltinu og b-liður 6. mgr. 111. gr. heimilar því að stöðva brotlegt skip og fylgja því til hafnar.¹²² Hafa því sumir sagt að sambærileg réttindi strandríkis gildi á aðlæga beltinu. Þó tilgreinir 111. greinin ekki hvar nákvæmlega á hafsvæðinu brotið þarf að eiga sér stað til þess að óslitin eftirför sé réttlæt看leg. Til þess að gæta samræmis milli reglna Hafréttarsáttmálans, þá sérstaklega b-liðar 1. mgr. 33. gr., og b-liðar 6. mgr. 111. gr., virðist rökréttast að ætla að brotið þurfi að hafa átt sér stað innan landhelgismarka strandríkis.¹²³

Það virðist ríkjandi sjónarmið að strandríki sé óheimilt að setja lög sem gilda á aðlæga beltinu. Undantekning er þó frá reglunni¹²⁴ og er hana að finna í 2. mgr. 303. gr. Hafréttarsáttmálans.¹²⁵ Þar kemur annars vegar fram, að brottnám fornmunar getur falið í sér brot á tolla- eða fjármálalögum strandríkis og hins vegar, að brottnám fornmana sem eru innan aðlæga beltisins lúti sömu lögum og hefði atburðurinn átt sér stað innan landhelgi strandríkis.¹²⁶

Það má því segja með hliðsjón af 6. mgr. 111. gr. um óslitna eftirför að strandríki hafi bæði framkvæmda- og lagasetningavald um fornminjar á aðlæga beltinu.

¹²² Hafréttarsáttmáli Sameinuðu Þjóðanna segir í 6. mgr. 111. gr.: Þegar loftfar veitir óslitna eftirför: b) verður loftfarið, sem qefur skipunina um að stöðva, sjálft að veita skipinu virka eftirför uns skip eða annað loftfar strandríkisins, sem loftfarið hefur kvatt til, kemur til að taka við eftirförinni nema loftfarið geti sjálft tekið skipið.

¹²³ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 122.

¹²⁴ Sama heimild, 123.

¹²⁵ 2 mgr. 303. gr. Hafréttarsáttmáli Sameinuðu Þjóðanna:

Til að hafa hemil á viðskiptum með þessa muni getur strandríkið við beitingu 33. gr. gert ráð fyrir því að brottnám þeirra án samþykkis þess af hafsbotninum á beltinu, sem getið er í þeirri grein, muni leiða til brots í landi eða landhelgi þess á lögnum og reglunum sem getið er í þeirri grein.

¹²⁶ Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012) 123

4.0 Lög nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

Þann 9. mars 1979, á 100. löggjafarþingi íslensku þjóðarinnar, lagði Benedikt Gröndal, þáverandi utanríkisráðherra fram stjórnarfrumvarp í efri deild Alþingis um fyrstu heildstæðu lögin á sviði hafréttar. Markmið laganna var draga saman í einn lagabálk öll meginákvæði um landhelgi og lögsögu með hliðsjón af þeirri þróun sem hefði átt sér stað á sviði þjóðarréttar á undanförunum árum.¹²⁷

4.1 Frumvarp til laga

Frumvarp utanríkisráðherra hljóðaði upp á 13 greinar og var lögunum skipt upp í 7 eftirtalda kafla; I. Landhelgi, II. Efnahagslögsaga, III. Landgrunn, IV. Afmörkun svæða milli landa, V. Ráðstafanir gegn mengun, VI. Vísindalegar rannsóknir og VII. Ýmis ákvæði.¹²⁸

4.1.1 Athugasemdir með frumvarpi

Utanríkisráðuneytið sá um undirbúning frumvarpsins og voru aðalatriði þess eftirfarandi:

1. Útfærsla landhelginnar úr 4 í 12 mílur.
2. Frá 1975 hafði 200 mílna fiskveiðilögsaga verið ákveðin með reglugerð með vísun í landgrunnslögin frá 1948. Með setningu laganna yrði 200 mílna efnahagslögsaga lögfest.
3. Auk staðfestingar á 200 mílna fiskveiðilögsögu er staðfest 200 mílna lögsaga yfir vísindarannsóknum.
4. 200 mílna mengunarvarnarlögsaga staðfest.
5. 200 mílna byggingarréttur. Bent var á að hann gæti skipt máli fyrir hugsanlega olíuvinnslu í hafinu kringum landið.
6. Frumvarpið átti að ítreka gildandi reglugerðarákvæði um miðlínur milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar en fella niður ákvæði um framkvæmd 200 mílna fiskveiðilögsögu gagnvart Jan Mayen.¹²⁹

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að við setningu laga um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins¹³⁰ hefði verið gengið út frá því að útfærsla fiskveiðimarkanna skyldi miðast við þróun þjóðaréttarins á hverjum tíma, en samkvæmt því hefðu mörkin verið færð út

¹²⁷ Alþt. 1979, efri deild, þskj. 438, 218. mál, Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, mgr. 1.

¹²⁸ Alþt. 1979, efri deild, þskj. 438, 218. mál, Frumvarp til laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

¹²⁹ Alþt. 1979, efri deild, þskj. 438, 218. mál, Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, mgr. 2.

¹³⁰ Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948

fjórum sinnum; í 4 mílur¹³¹ 1952, í 12 mílur¹³² 1958, í 50 mílur¹³³ 1972 og í 200 mílur¹³⁴ árið 1975.¹³⁵

Þá segir einnig frá því að á yfirstandandi hafréttarráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna hafi náðst víðtæk samstaða um réttindi strandríkja til 12 mílna fullveldislögsögu og 200 mílna efnahagslögsögu sem veitti strandríkjum víðtækar heimildir til lagasetninga um auðlindir hafsins við strendur sínar. Einnig hafi ríkin á ráðstefnunni sammælt um réttindi ríkja á landgrunninu bæði innan og utan 200 mílna markanna.¹³⁶

Tekið er fram að enda þótt þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna hafi ekki lokið störfum, vegna ósættis um skipan mála á alþjóðahafsbotnssvæðinu utan lögsögu strandríkja, þyki tímabært að lögfesta þau atriði sem talin eru hér að ofan í tölulíðum 1-6, það er að segja að lögfesta þær reglur sem á þeim tíma væru ljósar.¹³⁷ Að lokum var vikið að því, að með setningu þessara laga væru breytingar á öðrum lögum óhjákvæmilegar og voru tollalög, sóttvarnalög og áfengislög tekin þar sem dæmi.¹³⁸

4.1.2 Umræður á alþingi

Eftir að frumvarpið var lagt fram fór það fyrir allsherjarnefnd efri deildar Alþingis til umræðu. Hún hafði lítið út á frumvarpið að setja, annað en að fella burtu eitt orð.¹³⁹ Efri deild Alþingis féllst á það og var frumvarpið þannig breytt lagt fyrir allsherjarnefnd neðri deildar sem samþykkti breytingarsögu þess og efni.¹⁴⁰ Þann 21. maí 1979 var það samþykkt sem lög í neðri deild Alþingis, aðeins 73 dögum eftir að það leit dagsins ljós í efri deild.¹⁴¹ Ekkert var minnst á aðlægt belti við setningu laganna.

¹³¹ Reglugerð nr. 21, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland. Stj.tíð. B 1952, 33-35

¹³² Reglugerð nr. 87, 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70, 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands. Stj.tíð. B 6-1958, 209-211.

¹³³ Reglugerð nr. 189, um fiskveiðilandhelgi Íslands. Stj.tíð. B 19-1972, 397-399.

¹³⁴ Auglýsing um samkomulag um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Stj.tíð. C 2 1976, 38-50.

¹³⁵ Alþt. 1979, efri deild, þskj. 438, 218. mál, Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, mgr. 3.

¹³⁶ Sama heimild, mgr. 4.

¹³⁷ Sama heimild, mgr. 5.

¹³⁸ Sama heimild, mgr. 6.

¹³⁹ Alþt. 1979, efri deild, þskj. 501, 218. mál, Nefndarálit um frv. til 1.um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

¹⁴⁰ Alþt. 1979, neðri deild, þskj. 605, 218. mál, Nefndarálit um frv. til 1.um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

¹⁴¹ Alþt. 1979, neðri deild, þskj. 851, 218. mál, Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

5.0 Fullgilding Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Undanfari fullgildingar þjóðréttarsáttmála að íslenskum rétti er samþykki Alþingis sbr. 21. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.¹⁴² Ekki hefur verið litið svo á að þau ákvæði sáttmála, sem birtur er sem fylgiskjal með samþykki Alþingis, fái stöðu settra laga í íslenskum rétti. Samþykki Alþingis hefur aðeins að geyma heimild stjórnvalda til fullgildingar á viðkomandi sáttmála.¹⁴³ Skipta má fullgildinu þjóðréttarsáttmála í tvær athafnir; sú fyrri er hin framangreinda stjórnskipulega athöfn skv. 21. gr. Stjórnarskrárinnar og sú síðari er hin formlega athöfn sem veitir sáttmálanum gildi gagnvart öðrum ríkjum, þ.e.a.s. afhending fullgildingarskjals til vörsluaðila sáttmálans.

Á 107. löggjafarþingi Alþingis, þann 30. apríl 1985, bar Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, fram stjórnartillögu til þingsályktunar um fullgildingu Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni er réttarsaga Íslendinga í hafrétti rekin í stórum dráttum, allt frá setningu Landgrunnslaganna 1948 til setningar laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og sett í samhengi við þróun alþjóðlegs hafréttar. Sagt er að með setningu síðarnefndu laganna hafi markmið fyrnefndu laganna verið uppfyllt í „*einu og öllu*“. Barátta Íslendinga hafi verið hörð en með fullgildinu sáttmálans sé „*lokasigur*“ í höfn.¹⁴⁴

Engin sjónarmið eða afstaða um aðlægt belti voru uppi í aðdraganda fullgildingar sáttmálans á Alþingi.

¹⁴² 21. gr. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands: *Forseti Lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.*

¹⁴³ Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði* (Orator 1989) 270.

¹⁴⁴ Alþt. 1984-1985, A-deild, þskj. 817, 472. mál. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

6.0 Frumvarp á Alþingi um upptöku aðlægs beltis

Þann 18. september 2014 lögðu fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Breytingin fólst í upptöku aðlægs beltis í íslenska löggjöf með setningu nýs kafla á eftir 1. kafla undir heitinu „Aðlægt belti“:

1. gr.

Aðlægt belti er svæðið utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 24 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar.

Innan aðlæga beltisins hefur Ísland heimild til að beita nauðsynlegu valdi til að:

- a. afstýra brotum á lögum og reglum í tolla-, fjár-, innflytjenda- eða heilbrigðismálum á landi eða innan landhelginnar,
- b. refsra fyrir brot á framangreindum lögum og reglum sem framin eru á landi eða innan landhelginnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi¹⁴⁵

6.1 Greinargerð með frumvarpi

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að íslensk stjórnvöld hafa oftár en ekki sýnt frumkvæði og áræðni í málefnum hafréttar. Einnig að Íslendingar hafa ekki tekið upp aukna fullveldislögsögu á tilteknum réttarsviðum með setningu laga um aðlægt belti skv. 33. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Tekið er fram að, ákvæðið sé upprunalega úr Genfarsáttmálanum frá 1958 en Íslendingar hafi ekki fullgilt þann sáttmála og þar af leiðandi ekki tekið upp slíkt belti á grundvelli hans. Sambærilegt ákvæði var sett í Hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna árið 1982 og þá talið endurspegla þjóðréttarvenju. Greint er frá því að fram hafi komið sjónarmið þess efnis að dregið hafi úr mikilvægi aðlæga beltisins með tilkomu ákvæða um 200 mílna efnahagslögsögu í hafréttarsáttmálanum 1982.¹⁴⁶

6.2 Umræður á alþingi

Þegar þetta er skrifað þann 10.5.2015 er staða málsins þannig að það bíður fyrstu umræðu. Á mælendaskrá er Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem flutningsmaður frumvarpsins. Málið var á dagskrá 59. fundar Alþingis þann 29. janúar 2015 en ekki gafst tími til að ræða málið.¹⁴⁷

¹⁴⁵ Alþt. 2014-2015, A-deild, þskj. 112, 110. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn (aðlægt belti).

¹⁴⁶ Alþt. 2014-2015, A-deild, þskj. 112, 110. mál. Greinargerð með frumvarpi.

¹⁴⁷ Stöðu mála á alþingi má nálgast á heimasíðu Alþingis. <<http://www.althingi.is/thingstorf/listar-yfir-mal-ayfirstandandi-thingi/stada-mala/>> skoðað 10.5.2015

7.0 Samantekt og lokaorð

Í fyrsta kafla kynnti höfundur þjóðarétt og sérsvið hans, hafrétt, réttarheimildir, afstöðu íslensks réttarkerfis gagnvart þjóðaréttinum og þróun alþjóðlegs hafréttar. Annar hluti ritgerðarinnar var helgaður aðlæga beltinu, sögu þess, þróun á hafréttarráðstefnum Sameinuðu Þjóðanna og um leið gerð grein fyrir afstöðu Íslendinga gagnvart aðlægu beltinu á hafréttarráðstefnunum. Í lok annars hluta var gerð grein fyrir gagnrýni á lagalega stöðu aðlægs beltis. Höfundur gerði tilraun til að draga fram afstöðu Íslendinga til aðlægs beltis við setningu laga nr. 41/1979, fullgildingu hafréttarsáttmálans og við framlagningu frumvarps til töku aðlægs beltis á haustdögum 2014.

Á fyrstu hafréttarráðstefnunni í Genf í Sviss 1958 komu fram augljós sjónarmið íslensku sendinefndarinnar, þegar Hans Andersen tók til máls við almennar umræður um aðlægt belt og lýsti því yfir að ákvæði sáttmálans um aðlægt belt og landgrunn leystu ekki vandamál Íslendinga sem væru veiðar erlendra skipa innan landhelgi og á fiskverndunarsvæðum við strendur þess. Í kjölfarið lögðu Íslendingar fram tillögu að þriðju málsgrein greinarinnar um aðlægt belt, tillögu sem ætlað var að fá viðurkennda sérstöðu strandríkja sem væru mjög háð fiskveiðum og heimila þeim einum fiskveiðilögsögu við strendur sínar. Íslendingar höfðu lengi verið þeirra skoðunar að ekki væri nauðsynlegt að stækka landhelgi ríkja til að tryggja þeim fiskveiðilögsögu á hafinu og í því efni verið sammála Kanada sem lagði fram tillögu um að fiskveiðiheimildir strandríkja út að 12 mílna marki yrðu viðurkenndar og jafnvel lengra á tilteknum tímabilum og á afmörkuðum svæðum. Íslenska sendinefndin áleit að slík réttindi ættu að fylgja greininni um aðlægt belt. Alþjóðalaganefndin var ekki sammála þessu og kom það fram í tillögum hennar en Íslendingar töldu að ekki mætti hunsast kröfur strandríkja til einkaréttinda á fiskveiðum. Greinin um aðlægt belt frá 1958 var orðrétt þeirri sem Alþjóðalaganefndin lagði fram, að viðbættu ákvæði sem afmarkaði afstöðu aðlægra og samliggjandi ríkja. Engin ákvörðun var tekin um breidd landhelginnar. Þriggja mílna landhelgi var áfram ríkjandi í framkvæmd en í kjölfar ráðstefnunnar var það útbreidd skoðun að vísi að hámarksbreidd landhelginnar væri að finna í ákvæðinu um aðlægt belt.

Þar sem fyrstu hafréttarráðstefnunni tókst ekki að semja um breidd landhelginnar né fiskveiðilögsögu var ákveðið að halda aðra ráðstefnu sem legði áherslu á þessi tvö atriði. Engar umræður voru þar um aðlægt belt. Íslendingar lögðu aftur fram tillögu um sérstöðu og sérréttindi strandríkja sem væru háð fiskveiðum við strendur þess. Tillagan var samþykkt en enginn sáttmáli var gerður á ráðstefnunni, vegna þess að engin niðurstaða náðist um breidd landhelginnar. Kanadamenn lögðu fram svokallaða 6 + 6 tillögu, þ.e. um 6 mílna landhelgi og 6 mílna fiskveiðilögsögu í framhaldi af henni. Íslendingar studdu hana fram að því að henni var

breytt að frumkvæði Bandaríkjanna, þannig að bætt var við greinina 10 ára veiðiheimild ríkja sem teldust eiga sögulegan rétt til veiða innan 6 mílna fiskveiðilögsögunnar. Þessu gátu Íslendingar ekki unað og féll tillagan á einu atkvæði, líklega á atkvæði Íslendinga.

Við skoðun á skjölum þriðju ráðstefnunnni lenti höfundur í ákveðnum vandræðum við rannsókn sína því eftir þriðju umferð ráðstefnunnar fóru viðræður nefndarinnar, sem fjallaði um málefni aðlæga beltisins, fram á óformlegum fundum og engin fundargerð skjaltsett og gefin út. Tvær breytingar voru gerðar á ákvæðinu frá sáttmálanum frá 1958; 3. mgr. sem afmarkaði aðlæg og samliggjandi ríki var felld burt úr greininni og aðlæga beltið fært fram um 12 mílur, út fyrir landhelgina, en loksins náðist samstaða um breidd hennar. Ástæða brottfalls 3. mgr. var sú að ákvæðið var talið óþarft þar sem sambærileg lína myndi afmarkast af efnahagslögsögunni sem var nýjung í hafrétti á þessum tíma. Líklegt verður að telja, að ástæða þess að aðlæga beltið var fært út fyrir landhelgina hafi verið sú, að réttindin sem fylgdu beltinu féllu undir landhelgisréttindi strandríkis og í samræmi við þá framkvæmd sem stundað var frá 17. öld var álitnið að ríki ættu að hafa aukin réttindi til lögsögu í tolla- og heilbrigðismálum. Af hálfu Íslendinga fundust engin ummæli um þessi atriði í skjölum 2. nefndar.

Af ofansögðu má sjá að afstaða Íslendinga til aðlæga beltisins snérist alltaf um yfirráð yfir fiskinum. Kemur þetta greinilega fram á fyrstu hafréttarráðstefnunnni í ræðu Hans Andersen þar sem hann segir að greinin þjóni ekki því markmiði sem Íslendingar sækist eftir. Á fyrstu tveim ráðstefnunum lagði íslenska sendinefndin áherslu á sérstöðu Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar og nauðsyn þess að ríkið hefði yfirráð yfir fiskimiðunum í kringum landið. Á annarri ráðstefnunnni fengu Íslendingar samþykktu tillögu sína um sérstöðu ríkja, en engin sátt náðist um stærð landhelginnar. Þögn Íslendinga um aðlæga beltið á þriðju ráðstefnunnni mætti túlka sem samþykki greinarinnar miðað við það vinnulag sem stundað var, eða bara hlutleysi þar sem mikilvægara mál lá fyrir, þ.e. efnahagslögsagan og fiskveiðiréttindi innan hennar. Engin ummæli var að finna í ræðum alþingismanna við framlagningu frumvarpa og lagasetningu á sviði hafréttar eða við fullgildingu hafréttarsáttmálans. Þegar lagasetning fór fram 1979 var talað um „fullnaðarsigur“, en þá var verið að vísa í langvarandi baráttu Íslendinga um yfirráð yfir fiskimiðunum í kringum landið frá aldamótum og jafnvel fyrr.

Í einni heimild sem höfundur skoðaði í undirbúningi sínum, grein eftir Singaporískan fræðimann, kemur fram að hann taldi það miður að umræður á þriðju ráðstefnunnni hefðu lítið sem ekkert snúist um aðlæga beltið. Ákveðin óvissa ríkir með lagalega stöðu beltisins og hafi því kjörið tækifæri farið í súginn til að leysa hana og óljóst hvenær gefst næst tími til að laga þessi atriði.

Samtals 90 ríki hafa tekið aðlægt belti skv. nýjustu samantekt¹⁴⁸ Sameinuðu Þjóðanna og skoðaði höfundur m.a. danska löggjöf um aðlægt belti, þar þótti honum áhugavert að sjá að Danir tengja sín lög við 303. gr. hafréttarsáttmálans og tryggja sér þannig yferráð yfir fornminjum á aðlæga beltinu. Að öðru leyti eru ákvæði Dana sambærileg þeim sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Höfundur leitaði á heimasíðu Alþingis að ákvæðum um yferráð yfir minjum í landgrunninu fyrir utan Ísland, en sú leit bar ekki árangur. Hefði því verið full ástæða til að nota tækifærið til að tryggja þessi réttindi með því að setja inn grein þess efnis í nýjum kafla um aðlægt belti, með vísun í 303. gr. hafréttarsáttmálans.

Davíð Þorsteinsson 13. maí 2015

¹⁴⁸Sjá;

<http://www.un.org/depts/los/LEGISLATIONANDTREATIES/PDFFILES/table_summary_of_claims.pdf>

Heimildaskrá

Alþjóðasáttmálar

Charter of the United Nations 1945, 1 UNTS XVI.
Statute of the International Court of Justice, 26 júní, 1945, 33 UNTS 993, 38. gr.
Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms 1950, ECTS 005
Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone 1958, 516 UNTS 205
Convention on the Continental Shelf 1958, 499 UNTS 311
Convention on the High Seas 1958, 450 UNTS 11
Convention on Fishing and Conservation of the Living Resources of the High Seas 1958, 559 UNTS 287
United Nations Convention on the Law of the Sea 1982, 1833 UNTS 396

Frumheimildir á sviði þjóðaréttar

Allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna

General Assembly, Establishment of the International Law Commission (21. nóvember 1947)
UN Doc A/RES/174 (II)
<http://legal.un.org/ilc/texts/instruments/english/statute/statute_e.pdf> skoðað 1.5.2015
General Assembly, Convening of a second United Nations conference on the law of the sea (10. desember 1958) UN Doc GA/RES/1307 (XIII) <<http://daccess-dds-ny.un.org/doc/RESOLUTION/GEN/NR0/747/51/IMG/NR074751.pdf?OpenElement>> skoðað 1.5.2015
The report of the committee on the peaceful uses of the sea-bed and the ocean floor beyond the limits of national jurisdiction, IV útg. General Assembly official records: twenty-eighth session (1973) U.N Doc A/9021 supplement no. 21
<<http://daccess-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/N73/199/36/PDF/N7319936.pdf?OpenElement>> skoðað 28.4.2015

Alþjóðalaganefnd Sameinuðu Þjóðanna

International Law Commission, Articles Concerning the Law of the Sea with Commentaries (1956) Yearbook of the International Law Commission, 2. árg.
<http://legal.un.org/ilc/texts/instruments/english/commentaries/8_1_8_2_1956.pdf> skoðað 1.5.2015

Hafréttarráðstefnur Sameinuðu Þjóðanna

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Kanada: A/CONF.13/C.1/L.77/Rev.1
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 8.5.2015
United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Kanada: A/CONF.13/C.1/L.77/Rev.2
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 8.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Kanada: A/CONF.13/C.1/L.77/Rev.3
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 8.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. 56. fundur (A/3159)
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 8.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39.
59. fundur (A/3159) 182.

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Júgóslavíu: A/CONF.13/C.1/L.54
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. Tillaga Íslands: A/CONF.13/C.1/L.131
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, 3. útg. First Committee, Summary records of meetings and Annexes (24. febrúar til 27. apríl 1958) UN Doc A/CONF.13/39. 36. fundur (A/3159)
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1958/vol/english/1st_Cttee_vol_III_e.pdf> skoðað 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII
<<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1960/vol/english/vol1-SummaryRecordsofPlenaryandCommitteeoftheWhole.pdf>> skoðað 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII. Tillaga Kanada: A/CONF.19/C.1/L.4 <<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1960/vol/english/vol1-SummaryRecordsofPlenaryandCommitteeoftheWhole.pdf>> skoðað 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII. Tillaga Íslands: A/CONF.19/C.1/L.7 (þýð. höf.) <<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1960/vol/english/vol1-SummaryRecordsofPlenaryandCommitteeoftheWhole.pdf>> skoðað 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Official Records, Summary Records of Plenary meetings and of Meetings of the Committee of the Whole: Annexe and Final Act (17. mars til 26. apríl 1960) UN Doc A/CONF.19/8, XVII. Sameiginleg tillaga Kanada og Bandaríkjana: UN Doc A/Conf.19/C.1/L.10

<<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1960/vol/english/vol1-SummaryRecordsofPlenaryandCommitteeoftheWhole.pdf>> skođađ 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 45th meeting (28. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.45
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_II/a_conf-62_c-2_sr-45.pdf> skođađ 1.5.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 9th meeting (19. júlí 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.9
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_II/a_conf-62_c-2_sr-9.pdf> skođađ 28.4.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Byelorussian Soviet Socialist Republic, Bulgaria, Czechoslovakia, German Democratic Republic, Hungary, Mongolia, Poland and Union of Soviet Socialist Republics: draft article on the contiguous zone (29. júlí 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.27 <http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_III/a_conf-62_c-2_l-27.pdf> skođađ 28.04.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 30th meeting (7. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.31
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_II/a_conf-62_c-2_sr-31.pdf> skođađ 28.04.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Egypt, Honduras, India, Iran, Kuwait, Liberia, Libyan Arab Republic, Mexico, Morocco, Oman, Qatar, Saudi Arabia, United Arab Emirates and Yemen: draft article on the economic and contiguous zone (23. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.78 <http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_III/a_conf-62_c-2_l-78.pdf> skođađ 28.4.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Summary records of meetings of the Second Committee 43rd meeting (23. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.43
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_II/a_conf-62_c-2_sr-43.pdf> skođađ 28.4.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Statement by the Chairman of the Second Committee at its 46th meeting (28. ágúst 1974) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.86 243.
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_III/a_conf-62_c-2_l-86.pdf> skođađ 28.4.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Revised single negotiating text (part II) UN Doc A/CONF.62/WP.8/Rev.1/PartII
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_V/a_conf-62_wp-8_rev-1-part2.pdf>

United Nations Conference on the Law of the Sea, Statement on the work of the Second Committee from the fourth to the eleventh sessions of the Conference (29. apríl 1982) UN Doc A/CONF.62/C.2/L.101 <http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_XVI/a_conf-62_c-2_l-101.pdf> skođađ 28.4.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, Informal Composite Negotiating Text (15. júlí 1977) UN Doc A/CONF.62/WP.10
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_VIII/a_conf-62_wp-10.pdf> skođađ 28.4.2015

United Nations Conference on the Law of the Sea, 59th meeting of the Second Committee (29. apríl 1982) UN Doc A/CONF.62/C.2/SR.59
<http://legal.un.org/diplomaticconferences/lawofthesea-1982/docs/vol_XI/a_conf-62_c-2_sr-59.pdf> skođađ 28.4.2015

Dómar í þjóðarétti

Alþjóðadómstóllinn í Haag: „North Sea Continental Shelf, Judgement, I.C.J. Reports 1969, 3.
<<http://www.icj-cij.org/docket/files/52/5563.pdf>> skoðað 15.apríl 2015

Alþjóðadómstóllinn í Haag: "Case concerning Right of Passage over Indian Territory (Merits), Dómur frá 12. apríl 1960 (Portúgal gegn Indlandi): I.C.J. Reports 1960, 6.
<<http://www.icj-cij.org/docket/files/32/4521.pdf>> skoðað 15. apríl 2015

Íslensk lög og reglugerðir

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948

Reglugerð nr. 21, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland. Stj.tíð. B 1952

Reglugerð nr. 87, 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70, 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands. Stj.tíð. B 6-1958

Reglugerð nr. 189, um fiskveiðilandhelgi Íslands. Stj.tíð. B 19-1972

Auglýsing um samkomulag um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Stj.tíð. C 2 1976

Frumheimildir á sviði landsréttar

Alpt. 1984-1985, A-deild, þskj. 817, 472. mál. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna

Alpt. 2014-2015, A-deild, þskj. 112, 110. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn (aðlægt belti)

Alpt. 2013-2014, A-deild, þskj. 1082, 566. mál. Þingsályktun um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk - íslenska síldarstofninum á árinu 2014

Alpt. 1979, efri deild, þskj. 438, 218. mál, Frumvarp til laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

Alpt. 1979, efri deild, þskj. 501, 218. mál, Nefndarálit um frumvarp til lagasetningar um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

Alpt. 1979, neðri deild, þskj. 605, 218. mál, Nefndarálit um frumvarp til lagasetningar um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

Alpt. 1979, neðri deild, þskj. 851, 218. mál, Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

Dómar Hæstaréttar Íslands

Hrd. 103/1994 (1995, 1444)

Hrd. 120/1989 (1990, 2)

Hrd. 31/1990 (1990, 92)

Hrd. 494/1991 (1992,174)

Hrd. 274/1991 (1992, 401)

Bandarísk lög

PROCLAMATION 5030 10.mars, 1983

<<http://www.gpo.gov/fdsys/pkg/STATUTE-97/pdf/STATUTE-97-Pg1557.pdf>> skoðað 28.4.2015

Bækur og greinar

- Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði* (Orator 1989)
- Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Codex 2011)
- Churchill, R. R. and Lowe, A. V., *The law of the sea* (Manchester University Press 1988)
- Davíð Ólafsson: „Ráðstefnan í Genf 1958 um réttarreglur á hafinu“ (1958) 51(5) *Ægir*
- Davíð Ólafsson: „Ráðstefnan í Genf 1958 um réttarreglur á hafinu“ (1958) 51(8) *Ægir*
- Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar: Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga* (JPV útgáfa, 2008)
- Einar Arnórsson: „Landhelgi Íslands“ (1925) 50(1) *Andvari*
- Guðni Th. Jóhannesson, *Þorskastríðin þrjú: Saga landhelgismálsins 1948-1976* (Tómas Haukur Heiðar ritstj. (Hafréttarstofnun Íslands 2006)
- Gunnar G. Schram, *Hafréttur* (Háskólaútgáfan 2001)
- Gunnar G. Schram: „Um lögmæti 12. mílna landhelgi“ (1959) 9(1) *Tímarit Lögfræðinga*
- Gunnar G. Schram: „Um lögmæti 12. mílna landhelgi“ (1959) 9(2) *Tímarit Lögfræðinga*
- Helgi Áss Grétarsson, *Réttarsaga fiskveiða frá landnámi til 1990* (Lagastofnun Háskóla Íslands 2008)
- Klabbers, Jan, *International Law* (1. útg., Cambridge University Press 2013)
- Rebecca M.M. Wallace og Olga Martin-Ortega, *International law* (6. útg., Sweet & Maxwell 2009)
- Rothwell, Donald R. og Stephens, Tim, *The International Law of the Sea* (Hart Publishing 2010)
- Tanaka, Yoshifumi, *The international law of the sea* (Cambridge University Press 2012)